

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

**27. SEPTEMBER**  
**7. OKTÓBER**  
**2007**

riff.is

**DAGSKRÁ**  
**CATALOGUE**



Landsbankinn



**Hrönn Marinósdóttir**  
**stjórnandi**  
festival director

**Dimitri Eipides**  
**dagskrárstjóri**  
programming director

**Dagskrárnefnd**  
Programming committee

**Helga Stephenson**  
**heiðursforseti dagskrárnefndar**  
honorary president of the  
programming committee

**Baltasar Kormákur**  
**kvikmyndaleikstjóri**  
film director

**Björn Ægir Norðfjörð**  
**kvikmyndafræðingur**  
film scholar

**Dagur Kári Pétursson**  
**kvikmyndaleikstjóri**  
film director

**Friðrik Þór Friðriksson**  
**kvikmyndaleikstjóri**  
film director

**Heiða Jóhannsdóttir**  
**kvikmyndagagnrýnandi**  
film critic

**Ottó Geir Borg**  
**handritshöfundur**  
screenwriter

**Mireya Samper**  
**myndlistamaður**  
artist

**Sigurjón Sighvatsson**  
**kvikmyndaframleiðandi**  
film producer

**Starfsfólk**  
Staff

**Atli Bollason**  
**umsjón með kynningarmálum**  
public relations

**Atli Sigurjónsson**  
**tæknileg umsjón**  
technical supervision

**Ása Helga Hjörleifsdóttir**  
**umsjón með gestum**  
guest coordinator

**Garðar Stefánsson**  
**umsjón með sérviðburðum**  
special events coordinator

**Gunnar T. Eggertsson**  
**dagskrárumsjón**  
programme coordinator

**Hanna Björk Valsdóttir**  
**yfirumsjón**  
production manager

**Laurent Jegu**  
**tæknileg umsjón**  
technical coordinator

**Magnús Hreggviðsson**  
**umsjón með filmuflutningum**  
print traffic coordinator

**Hönnun**  
Art Direction / Design  
**Hörður Kristbjörnsson**

**Ljósmyndir**  
Photos  
**Leó Stefánsson**  
[www.leostefansson.com](http://www.leostefansson.com)

**Ritstjórn**  
Catalogue  
**Atli Bollason,**  
**Gunnar T. Eggertsson og**  
**Hanna Björk Valsdóttir**

**Forsíða**  
Cover

**Ljósmynd** Photo  
**Silja Magg**  
**Hár og föröun** Hair and Make up  
**Fríða María**

**Prentun**  
Printing  
**Ísafoldarprentsmiðja**



Faces of a Fig Tree (2006) by Kaori Momoi

# THE WORLD COMES TO VISIT

LANDSBANKINN IS A PROUD SPONSOR OF REYKJAVÍK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL



Landsbankinn

- 6 Hvað, hvar, hvenær, hvernig?  
*What, when, where, how?*
- 8 Uppgötvun ársins *Discovery of the Year*
- 12-13 Ávörp *Addresses*
- 14 Vitranir *New Visions*
- 16 \_\_\_\_\_ Andlit fíkjutrésins *Faces of a Fig Tree*
- 17 \_\_\_\_\_ Bleikur *Pink*
- 18 \_\_\_\_\_ Bræður munu berjast *Shotgun Stories*
- 19 \_\_\_\_\_ Eigið þér annað epli? *Have You Another Apple?*
- 20 \_\_\_\_\_ Einkalíf okkar *Our Private Lives*
- 21 \_\_\_\_\_ Ferð Isku *Iska's Journey*
- 22 \_\_\_\_\_ Gildran *The Trap*
- 23 \_\_\_\_\_ Gleðilegt nýtt líf *Happy New Life*
- 24 \_\_\_\_\_ Heimsókn hljómsveitarinnar *The Band's Visit*
- 25 \_\_\_\_\_ Hjálpaðu mér Eros *Help Me Eros*
- 26 \_\_\_\_\_ Japan Japan
- 27 \_\_\_\_\_ Listin að gráta í kór *The Art of Crying*
- 28 \_\_\_\_\_ Rótleysi *Roming*
- 29 \_\_\_\_\_ Stjórn *Control*
- 30 \_\_\_\_\_ XXY
- 32 Fyrir opnu hafi *Open Sea*
- 34 \_\_\_\_\_ 4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar  
*4 months, 3 weeks and 2 days*
- 35 \_\_\_\_\_ Aleksandra
- 36 \_\_\_\_\_ Ávallt, aldrei og hvar sem er  
*Forever, Never, Anywhere*
- 37 \_\_\_\_\_ Fay Grim
- 38 \_\_\_\_\_ Greipt í minni! *Brand Upon the Brain!*
- 39 \_\_\_\_\_ Grimmдарþokki *Savage Grace*
- 40 \_\_\_\_\_ Himinbrún *The Edge of Heaven*
- 41 \_\_\_\_\_ Híena *Hyena*
- 42 \_\_\_\_\_ Innflutt útflutt *Import Export*
- 43 \_\_\_\_\_ Tímabundið frelsi *Temporary Release*
- 44 \_\_\_\_\_ Tómar *Empties*
- 45 \_\_\_\_\_ Útleið *The Banishment*
- 46 \_\_\_\_\_ Þið, lifendur *You, the Living*
- 48 Heimildamyndir *Documentaries*
- 50 \_\_\_\_\_ Á elleftu stundu *The 11th Hour*
- 51 \_\_\_\_\_ Á flugi: Játningar frjálsrar konu  
*Flying: Confessions of a Free Woman*
- 52 \_\_\_\_\_ El Ejido, lögmál hagnaðarins  
*El Ejido, the Law of Profit*
- 53 \_\_\_\_\_ Haltu kjafti og syngdu *Shut up and Sing!*
- 54 \_\_\_\_\_ Helvetica
- 55 \_\_\_\_\_ Klaustrið *The Monastery*
- 56 \_\_\_\_\_ Krakkinn minn gæti málað þetta  
*My Kid Could Paint That*
- 57 \_\_\_\_\_ Ljón innanhúss *A Lion in the House*
- 58 \_\_\_\_\_ Moskítóvandráðin og fleiri sögur  
*The Mosquito Problem and Other Stories*
- 59 \_\_\_\_\_ Stelpur rokka! *Girls Rock!*
- 60 \_\_\_\_\_ Tryllt ást *Crazy Love*
- 61 \_\_\_\_\_ Umskipti *Metamorphosis*
- 62 \_\_\_\_\_ Æði! Saga hinsegin kvikmyndagerðar  
*Fabulous! The Story of Queer Cinema*
- 63 \_\_\_\_\_ Öskrarar *Screamers*
- 64 Mannréttindi: Írak *Human Rights: Iraq*
- 66 \_\_\_\_\_ Hinsta ferð *Taxi to the Dark Side*
- 67 \_\_\_\_\_ Írak í brotum *Iraq in Fragments*
- 68 \_\_\_\_\_ Mótstöðu mætt *Meeting Resistance*
- 69 \_\_\_\_\_ Skuggasveitir *Shadow Company*
- 70 Sjónarrönd: Spánn *Horizon: Spain*
- 72 \_\_\_\_\_ Campillo, já *Campillo, Yes, I do*
- 73 \_\_\_\_\_ Dökkblárnæstumsvartur *DarkBlueAlmostBlack*
- 74 \_\_\_\_\_ Ég Me
- 75 \_\_\_\_\_ Járnbrautastjörnur *The Railroad Allstars*
- 76 Ísland í brennidepli *Icelandic Panorama*
- 78 \_\_\_\_\_ Embla: Valkyrja hvíta víkingsins  
*Embla: The Valkyrie of the White Viking*
- 79 \_\_\_\_\_ Óbeisluð fegurð *Unchained Beauty*
- 80 \_\_\_\_\_ Sigur Rós – Heima
- 81 \_\_\_\_\_ Síðasti veturinn *The Last Winter*
- 82 \_\_\_\_\_ Sófakynslóðin *The Sofa Generation*
- 83 \_\_\_\_\_ Steypa
- 84 \_\_\_\_\_ Vandræðamaðurinn *The Bothersome Man*
- 85 \_\_\_\_\_ Íslenskar stuttmyndir *Icelandic Shorts*
- 86 David Ondricek í kastljósinu  
*Spotlight on David Ondricek*
- 87 \_\_\_\_\_ Einfarar *Loners*
- 87 \_\_\_\_\_ Ein hönd getur ekki klappað  
*One Hand Can't Clap*
- 88 \_\_\_\_\_ Grandhotel
- 90-91 Aki Kaurismäki
- 92 \_\_\_\_\_ Ský á reiki *Drifting Clouds*
- 93 \_\_\_\_\_ Maður án fortíðar *The Man Without a Past*
- 93 \_\_\_\_\_ Ljós í húminu *Lights in the Dusk*
- 94-95 Rainer Werner Fassbinder
- 96 \_\_\_\_\_ Hjónaband Mariu Braun  
*The Marriage of Maria Braun*
- 96 \_\_\_\_\_ Fontane Effi Briest
- 97 \_\_\_\_\_ Veronika Voss
- 97 \_\_\_\_\_ Bitur tár Petru von Kant  
*The Bitter Tears of Petra von Kant*
- 98 \_\_\_\_\_ Lili Marleen
- 98 \_\_\_\_\_ Ameríski dátinn *The American Soldier*
- 99 \_\_\_\_\_ Ég vil ekki bara að þið elskið mig  
*I Don't Just Want You to Love Me*
- 100-101 Hanna Schygulla
- 102 Miðnæturmyndir *Midnight Movies*
- 103 \_\_\_\_\_ Svartir sauðir *Black Sheep*
- 103 \_\_\_\_\_ Trippið *The Tripper*
- 104-105 Danielson: Fjölskyldumynd *Danielson: A Family Movie*
- 106-107 Bílabíó – American Graffiti – *Drive-in Movie*

# Efnisyfirlit

## Contents

ALL THESE FILM STARS HAD TO GET HERE SOMEHOW



Mia Farrow arrives in Iceland, 1974

Over the years, Icelandair has sponsored many art events in Reykjavík, and helped make possible numerous memorable occasions in concert halls, theatres and cinemas by bringing hundreds of artists and actors to Iceland.

We are very pleased to have contributed to the Reykjavík International Film Festival in the past and we look forward to working with them in the future.

OUR VERY BEST WISHES TO ALL FILM LOVERS AT RIFF



[www.riff.is](http://www.riff.is)

Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og [riff.is](http://riff.is)  
Í upplýsingamiðstöð og í bíóhúsum

Tickets online at [midi.is](http://midi.is) and [riff.is](http://riff.is)  
At the Information Centre and cinemas

Hvað, hvar,  
hvenær,  
hvernig?

What, where,  
when, how?

## Miðaverð:

**Stakir miðar** – 900 kr.

**Afsláttarkort (8 myndir)** – 4500 kr. (Ath! Takmarkað upplag)

**Hátíðarpassi** – 6000 kr. (Ath! Takmarkað upplag)

**Tónleikar** (Hanna Schygulla og Danielson) - 2500 kr.

## Sýningar fara fram á eftirtöldum stöðum:

**Regnboginn**, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, s. 551 9000.

**Tjarnarbíó**, Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík, s. 561 0250.

**Háskólabíó**, Hagatorgi, 107 Reykjavík, s. 525 5400.

**Norræna húsið**, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík, s. 551 7030.

Upplýsingamiðstöð hátíðarinnar er í  
Hressingarskálanum (Hressó), Austurstræti 20,  
101 Reykjavík. Opið frá 11:00 - 20:00.

Athugið að hver mynd á dagskránni er einungis sýnd  
tvisvar eða þrisvar sinnum. Það er því um að gera að  
tryggja sér miða um leið og miðasala hefst.

## Prices:

**Single ticket** – 900 ISK

**Discount ticket** (8 screenings) – 4500 ISK

**Festival pass** – 6000 ISK

**Concerts** (Hanna Schygulla and Danielson) – 2500 ISK

## Screenings in these cinemas:

**Regnboginn**, Hverfisgata 54, 101 Reykjavík, s. 551 9000.

**Tjarnarbíó**, Tjarnargata 12, 101 Reykjavík, s. 561 0250.

**Háskólabíó**, Hagatorg, 107 Reykjavík, s. 525 5400.

**Norræna húsið**, Sturlugata 5, 101 Reykjavík, s. 551 7030.

The festival Information Centre is in  
Hressingarskálinn (Hressó), Austurstræti 20,  
101 Reykjavík. Opening hours 11:00 to 20:00.

Please note that the films are only screened two or three  
times. We strongly recommend securing tickets as soon  
as tickets are on sale.

# Stundum flott. Stundum bara eitthvað rugl.



**lomography**



[www.hanspetersen.is](http://www.hanspetersen.is)

Lomography vörurnar fást aðeins í Bankastræti 4, 101 Reykjavík, Sími 570 7500

**HANS PETERSEN**

Engu gleymt í 100 ár

# TORRES

valinn besti vínframleiðandi  
**Evrópu 2006**



**Wine Enthusiast Magazine** valdi

Torres besta vínframleiðanda Evrópu 2006. Valið fór fram á New York Public Library 29. janúar sl.

Óflugt nýsköpunarstarf Torres er tilkomið vegna mikillar rannsóknar- og þróunarvinnu og var ástæðan fyrir því að Wine Enthusiast Magazine valdi Torres. Óflugt starf Torres um allan heim hefur leitt af sér góða kynningu á þeim gæðum sem spænsk vín búa yfir.

Miquel Torres sagði við þetta tækifæri: „Við erum himinlifandi yfir að hafa hlotið þessa mikilvægu viðurkenningu og markmið okkar er að halda áfram að vera í fremstu röð framleiðenda á gæðavínum, með breitt úrval léttvína frá mismunandi vínhéruðum á Spáni.“



# Þrjú stórkostleg vín frá TORRES



## Gran Coronas

Gran Coronas er 85% cabernet sauvignon og 15% tempranillo. Vínið er geymt í 12 mánuði á frönskum og austurverópskum eikartunnum. Gran Coronas hefur djúpan kirsuberjarauðan lit með fjólubláum tóni. Öflugt vín í góðu jafnvægi með ilm af rauðum ávöxtum og vott af hnetum og kryddi. Mjög glæsilegt vín sem geymist vel í allt að 8-10 ár. Verð í vínbúðunum 1.590 kr.

### Gullverðlaun:

Gran Coronas 1999

Gullverðlaun á Challenge International du Vin 2003, í Frakklandi.

Gullverðlaun á Concours Mondial de Bruxelles 2003, í Belgíu.

Gran Coronas 1996

Gullverðlaun á Estonian Wine challenge 2000, í Eistlandi.



## Gran Sangre de Toro

Gran Sangre de Toro er 60% genance, 25% carignane og 15% syrah.

Vínið er geymt í 12 mánuði á ungerskum og frönskum eikartunnum. Vínið hefur djúpan rúbínrauðan lit með mahónítónum og hlýjan ilm af kryddi og þroskuðum brómberjum. Vín í mjög góðu jafnvægi með flauelsmjúkt tannín. Mjög skemmtilegt vín sem geymist í allt að 7-9 ár. Verð í vínbúðunum 1.470 kr.

### Gullverðlaun:

Gran Sangre de Toro 1999

Gullverðlaun á Les Citadelles du Vin 2002, í Frakklandi.

Gran Sangre de Toro 1996

Gullverðlaun á Challenge International du Vin 1999, í Frakklandi.

Gran Sangre de Toro 1995

Gullverðlaun á International Wine & Spirits Competition 1999, í Bretlandi.



## Gran Vina Sol

Gran Vina Sol er 85% chardonnay og 15% parellada. Það er geymt í 5 mánuði á ungerskum og frönskum eikartunnum. Ákafur og flókin ilmur af ávöxtum, blómum og eik. Vín í góðu jafnvægi með flókið, silkimjúkt og fágað eftirbragð. Mjög skemmtilegt vín sem geymist vel í 2-3 ár. Verð í vínbúðunum 1.390 kr.

### Gullverðlaun:

Gran Vina Sol 1999

Gullverðlaun á Expovina 2000, í Sviss.

Gullverðlaun á Concours International des Vins Suisse 2000, í Sviss.

Gran Vina Sol 2001

Gullverðlaun á Chardonnay du Monde 2002, í Frakklandi.



**Hal Hartley** er vel þekktur kvikmyndagerðarmaður. Hann nam við bandarísku akademíuna í Berlín. Nýjasta mynd hans er *Fay Grim* sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín 2007. Hartley hefur unnið til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Cannes, Tókýó og á Sundance fyrir myndir sínar *Trust* (1991), *Henry Fool* (1998) og *Amateur* (1994). Hann var stundakennari í kvikmyndagerð við Harvard háskóla á árunum 2001 til 2004. Hann býr nú í Berlín.

*Hal Hartley is a well known filmmaker. He is an alumni of the American Academy in Berlin. His most recent film is Fay Grim which received its European premiere at the 2007 Berlin International Film Festival. Hartley has received awards at the Cannes, Tokyo and Sundance film festivals for his films Trust (1991), Henry Fool (1998) and Amateur (1994). He was a visiting lecturer at Harvard University teaching filmmaking from 2001 to 2004. He currently lives in Berlin.*

**Sigurmynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík 2007 hlýtur titilinn „uppgötvun ársins“ og gullna lundann að launum. Gullni lundinn er verðlaunagripur hátíðarinnar og var búinn til af listamanninum Jóni Sæmundi Auðarsyni. Það eru kvikmyndirnar í flokknum Vitranir sem keppa um verðlaunin. Allar myndirnar eru ýmist fyrsta eða annað verk leikstjóra.**


The winner of RIFF's competition will be given the title "Discovery of the Year" and be awarded with the Golden Puffin. The Golden Puffin is RIFF's statue and was made by local artist Jón Sæmundur Auðarson. The films in our competitive category New Visions are all first or second features by directors emerging onto the international scene.

**Uppgötvun ársins**  
**Discovery of the Year**



**Kirsi Tykkyläinen** er fædd árið 1949. Hún lauk meistaraþrófi í textafræði (fílólógíu) frá háskólanum í Helsinki árið 1975 og kenndi rússnesku og rússneskar bókmenntir þar á árunum 1975 – 1983. Hún hefur verið yfir alþjóðlegri deild finnska kvikmyndasjóðsins frá 1983. Á árunum 2002 – 2006 gegndi hún einnig stöðu menningarfulltrúa í finnska sendiráðinu í Moskvu. Hún hefur leikið í nokkrum mynda Aki Kaurismäki.

*Kirsi Tykkyläinen was born in 1949. She has an MA in Philology from Helsinki University and taught Russian language and literature there from 1975 to 1983. She was head of the international department of the Finnish film foundation from 1983 to 2007. She was the cultural councillor of the Finnish embassy in Moscow from 2002 to 2006. She has acted in a number of Aki Kaurismäki's films.*



**Friðrik Þór Friðriksson** er fæddur árið 1954. Hann hefur leikstýrt fjölda kvikmynda. Hann hóf ferilinn á því að leikstýra stuttmyndum og síðar heimildarmyndum, og vakti mikla athygli með kvikmyndinni *Rokk* í Reykjavík árið 1982. Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir Börn náttúrunnar árið 1991. Árið 1987 stofnaði hann framleiðslufyrirtækið íslensku kvikmyndasamsteypuna. Friðrik Þór lék stórt hlutverk í nýjustu mynd Lars von Trier; Sá sem öllu ræður.

*Friðrik Þór Friðriksson was born in 1954. He began his career as a film director by making short films and documentaries. His 1982 documentary Rock in Reykjavik was very succesful. In 1991 he was nominated for an Oscar for Children of Nature. Friðrik Þór has a large acting role in Lars von Trier's latest film, The Boss of it All.*





Alþjóðleg kvikmyndahátíð fer nú fram í fjórða sinn og þrátt fyrir fullyrðingar sama efnis undanfarin ár þá fullyrði ég að dagskráin hefur aldrei verið flottari og betri en í ár. Dagskráin telur um 80 kvikmyndir frá fimm heimsálfum. Við ætlumst ekki til þess að neinn sjái allar þessar myndir – enda ekki nema fræðilegur möguleiki á að sækja um helming dagskrárinnar – en við þykjumst viss um að allir muni finna eitthvað við sitt hæfi.

Kvikmyndirnar sem við berum á borð eru ýmist listaverk sem hafa staðist tímans tönn eða glænýjar myndir sem eru á einn eða annan hátt eftirtektarverðar. Reynslan hefur sýnt okkur að kvikmyndir sem eru sýndar í Reykjavík eiga oft fjöruga ferð fyrir höndum á hátíðarrúntinum og eiga eftir að hljóta fjölda alþjóðlegra verðlauna. Við lítum á okkur sem upphafspunkt fyrir framsæknar kvikmyndir og vonandi mun reynslan að hátíð lokinni staðfesta þá sýn okkar.

Hróður hátíðarinnar hefur borist víða og gert það að verkum að mun auðveldara reynist að fá myndir og gesti sem bitist er um. Við erum t.a.m. mjög stolt af því að geta heiðrað minningu þýska leikstjórans Rainers Werners Fassbinder með því að sýna sex mynda hans, og enn stoltari af því að leikkonan Hannah Schygulla skuli sækja hátíðina og veita sérstökum heiðursverðlaunum viðtöku auk þess að syngja fyrir Reykvíkinga. Finnski leikstjórinn Aki Kaurismäki mun einnig veita sérstökum verðlaunum viðtöku og kunnum við honum bestu þakkir fyrir að koma Reykjavík fyrir í þéttskipuðu dagatali sínu.

Þakklátust erum við þó fyrir kvikmyndaáhugamenn nær og fjær sem hafa tekið hátíðinni opnum örmum og fjölmennst í bíó síðastliðin þrjú ár. Ég efast ekki um að hið sama verði uppi á teningnum nú enda dagskráin aldrei sterkari. Ég vona að allir skemmti sér vel í kvikmyndaveislunni sem er framundan!

*Reykjavík International Film Festival will now commence for the fourth time, and despite saying this every year for the past few festivals, I'm quite sure the programme has never been as grand. Nearly 80 films from five continents make up the film selection of 2007. We don't expect anyone to see every single title – it's only theoretically possible to catch half the programme – but we're positive everyone will be able to find something to suit their taste.*

*Our films are either tested pieces of art on the verge of becoming classics or brand new flicks worthy of your interest. Experience has taught us that films screened in Reykjavík often have a fateful journey on the film festival circuit ahead of them. We see ourselves as a starting point or early destination on every truly progressive film's schedule and hope that the remainder of this year will prove our point.*

*RIFF's reputation has travelled fast and we have found it much easier to fill the programme with films and guests suitable to our needs. We are, for example, very proud to honour R.W. Fassbinder's memory by screening six of his best films, and especially proud that actress Hanna Schygulla is accepting our lifetime achievement award and has agreed to sing for the people of Reykjavík. Mr. Aki Kaurismäki has also accepted our award and we are very grateful to him for fitting RIFF into his tight schedule.*

*Furthermore, we are most grateful for the support we've received from film enthusiasts locally and internationally for the last three years. Now, when the programme has never been better, I have no doubt that our supporters will once again fill the cinemas and have fun at the coming festival.*

---

# Kæri lesandi

---

# Dear reader

---

**Hrönn Marinósdóttir**

Stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar

í Reykjavík

Festival Director

---





## Ávarp borgarstjóra

### Mayor's Address

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Borgarstjóri

Mayor

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fer fram í fjórða sinn nú í haust, en mér er farið að finnast eins og hátíðin hafi fylgt borginni miklu lengur. Það má með sönnu segja að kvikmyndahátíðin hafi sett svip sinn á borgina undanfarin ár og ég á ekki von á öðru en að svo verði einnig í þetta skiptið.

Öflug kvikmyndamenning er einkenni á þroskaðri borg og sem sjá má af ríkulegri dagskrá kvikmyndahátíðar er Reykjavík bókstaflega við það að springa út. Í ellefu daga býðst Reykvíkum að gæða sér á framandi kvikmyndaréttum frá fimm heimsálfum og njóta þess sem borgin hefur upp á að bjóða þess á milli. Sérstaklega vil ég bjóða erlenda gesti hátíðarinnar velkomna, en þeim fer fjölgandi ár frá ári.

Ég vona að Reykvíkingar taki Alþjóðlegri kvikmyndahátíð opnum örmum og að ferðin í bíóið geri þeim kleift að sjá borgina í nýju og spennandi ljósi.

*Reykjavík International Film Festival takes place for the fourth time this autumn but I've begun to feel like the festival has followed us for so much longer. I can truly say that the festival has made its mark for the last few years and I expect it to do the same this time around.*

*A powerful film culture is a symptom of a mature city and, judging from RIFF's programme, Reykjavik is practically blooming! For eleven days people in the city can feast on exotic films from five continents and enjoy the city itself in between screenings. I would especially like to welcome our international guests and I hope they will appreciate our little town by the sea. I also hope the citizens of Reykjavik will embrace the international film festival and that the visit to the cinema will open our eyes and allow us to re-evaluate our own city.*



## Ávarp menntamála- ráðherra

### Minister's Address

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Menntamálaráðherra

Minister of Education and Culture

Það er mikið gleðiefni að nú skuli Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík vera hleypt af stokkunum í fjórða sinn. Kvikmyndahátíðin hefur sannarlega fest sig í sessi hjá unnum kvikmyndalistar hér á landi og vakið athygli víða um heim. Í gegnum Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík kynnumst við menningu annarra þjóða og að þessu sinni mun hátíðin enn og aftur gera okkur kleift að kynnast því allra ferskasta með glænýjum kvikmyndum ungra leikstjóra en einnig verum þekktara og reyndra kvikmyndahöfundar. Fjöldi erlendra gesta mun sækja hátíðina heim og auk þess að hafa alls hundrað spennandi kvikmyndir á boðstólum mun almenningur geta sótt áhugaverð málþing, námskeið og fundi sem tengjast efni hátíðarinnar.

Listin á sér margar birtingarmyndir en það listform sem gripið hefur mannskepnuna hvað mestum heljartökum er að margra mati kvikmyndalistin og myndmiðlarnir. Sagnabrunnar nútímans eru í þessum miðlum sem ná hvað mestri útbreiðslu og áhrifum um allan heim. Á tímum örrar hnattvæðingar og aukinnar einsleitni er því æ mikilvægara að bera á borð allan þann fjölbreytileika sem heimsbyggðin býr þó enn yfir. Vonandi njóta sem flestir þess sem Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík býður uppá í ár.

*We are delighted that the Reykjavík International Film Festival is taking off for the fourth time. The festival has secured its position with film enthusiasts locally and spawned international interest. Through RIFF's programme we become acquainted with the culture of other nations and this year the festival will once again allow us to make contact with the newest and freshest ideas from young filmmakers, but also the proven work of experienced and renowned film auteurs. Many international guests will attend the festival and, apart from the ambitious hundred-film programme, the public can attend interesting seminars and talks related to this year's film selection.*

*Art has many forms but the visual arts and especially the motion picture have somehow seized our hearts more strongly than most other art forms in recent times. These are the sagas of today and are capable of impacting on large parts of the world. At a time of globalization and increased monotony it is ever more important to embrace the diversity of the world. It is hoped that most of us will enjoy what Reykjavík International Film Festival has to offer this year.*

# Vitranir

Andlit fíkjuþrésins  
Bleikur  
Bræður munu berjast  
Eigið þér annað epli?  
Einkalíf okkar  
Ferð Isku  
Gildran  
Gleðilegt nýtt líf  
Heimsókn hljómsveitarinnar  
Hjálpaðu mér Eros  
Japan Japan  
Listin að gráta í kór  
Róttleysi  
Stjórn  
XXY

Ávarp: **Dimitri Eipides**, dagskrárstjóri

Verðlaunin „Uppgötvun ársins“ eru nú veitt í þriðja skipti (í þetta sinn í formi Gyllta lundans) og hafa fest sig í sessi sem formleg keppni Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Það þykir ekki algengt að kvikmyndahátíðir taki frá aðalverðlaun fyrir nýtt eða óþekkt kvikmyndagerðarfólk og markar þessi flokkur því ákveðna sérstöðu meðal hátíða heimsins. Myndirnar í ár koma frá 12 löndum og gætu ekki verið ólíkari hvað varðar efni og efnistöð. Það sem sameinar flokkinn er fyrst og fremst ótvíræð ást á kvikmyndalistinni og þor og dugur til að ögra hefðum og væntingum áhorfenda. Allir leikstjórnarnir hafa sannað hæfileika sína með kvikmyndum sem eru fjarri því að bera svip byrjendaverka þrátt fyrir að í öllum tilvikum sé um að ræða fyrstu eða aðra mynd höfundar.

Þetta eru lifandi dæmi um að enn sé hægt að leika sér með kvikmyndaformið á ýmsa vegu. Allir sem finna fyrir þróttleysi vegna yfirgangs hinnar allsráðandi Hollywood-maskínu geta hert upp hugann og stefnt ótrauðir í bíó til að kynna fjölbreytileika rísandi leikstjórakynslóðar. Það verður spennandi að fylgjast með framtíð allra þeirra sem taka þátt í Vitrunum. Ég óska þeim velgengni og vona að þrautseigjan bili ekki. Ég efast ekki um að margir leikstjórnanna muni snúa aftur með myndir sínar á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík í framtíðinni.

En þangað til það gerist bið ég ykkur vel að njóta þeirrar dagskrár sem við höfum sett saman fyrir hátíðina og vona að sem flestir nýti sér tækifærið til að taka þátt í þessari árlegu kvikmyndaveislu á hvíta tjaldinu. Sláist með í för og takið þátt í að uppgötva margt af því besta úr heimi kvikmyndanna á þessu ári. Það gefst ekki betra veganesti til að halda sér gangandi í gegnum lognmollu fjöldaframleiðslunnar þangað til næsti hópur ungra uppreisnarseggja mætir til landsins að ári liðnu.

---

# New Visions

Faces of a Fig Tree (JPN)  
Pink (GRE)  
Shotgun Stories (US)  
Have You Another Apple? (IRA)  
Our Private Lives (CAN)  
Iska's Journey (HUN)  
The Trap (SER/GER/HUN)  
Happy New Life (HUN)  
The Band's Visit (ISR/FRA)  
Help Me Eros (TWN)  
Japan Japan (ISR)  
The Art of Crying (DK)  
Roming (CZ/ROM/SLO)  
Control (UK)  
XXY (ARG/ESP/FRA)

---


Address: **Dimitri Eipides**, programme director

---

*The "Discovery of the Year" award is presented for the third time (now taking the form of the Golden Puffin) and has become firmly rooted as the official competition of the Reykjavík International Film Festival. It is not considered common for a film festival to reserve their main award for new or unknown filmmakers and therefore the category offers a unique experience on the festival circuit. This year's films come from 11 countries and could not be more different in terms of subject matter and style. The unifying element of the category lies within the directors' unbridled love for the art of cinema and their courage to challenge the traditions and expectations of their audience. All these directors have proven their talent with films that are far from bearing the mark of a beginner's work, even though they are in all cases either first or second features.*

*These are vivid examples of there still being many things left to explore in the realm of cinema. Anyone who feels exhausted before the mighty advance of the Hollywood-machine can gather their strength and set out to the cinema in order to experience the diversity of this rising generation of independent film directors. It will be exciting to see what the future holds for all of those who take part in New Visions. I wish them success and continuous endurance and I hold no doubt that many of these directors will return with their films to the Reykjavík International Film Festival for years to come.*

*In the meantime, I trust you will enjoy the programme of films and events we have brought together and hope that everyone will grab the opportunity to take part in this annual celebration on a big screen. Come along and participate in this exciting discovery of what was best in this year's world cinema. There is no better way to feed the spirit in order to keep it going through the mass-produced swamp that lies ahead until the next group of young rebels arrives in Iceland a year from now.*





Þessi leikstjórnarfrumraun japönsku leikkonunnar Momoi springur út í litadýrð, frumleika og tilraunagleði. Sagan er á köflum súrrealísk og undarleg, krydduð með furðulegri tákfræði og óhefðbundinni frásagnartækni. Í garði Kadowaki fjölskyldunnar stendur fíkjutré sem hefur aldrei borið ávöxt. Þetta tré fylgist með öllu sem fer fram í húsi þessarar skrítnu fjölskyldu og er í raun ein af aðalpersónum myndarinnar. Momoi leikur sjálf móðurina, sem hugsar ekki um annað en að halda heimilinu gangandi. Faðirinn vinnur á byggingasvæði og flytur inn í aðra íbúð til að geta verið nær vinnunni. Þegar hann snýr aftur heim í húsið dettur hann niður dauður. Þar með hefst atburðarás sem dansar á mörkum fantasíu og fjölskyldudrama (og inniheldur nokkra blótandi og ragnandi maura).

*This directorial debut by Japanese actress Momoi blossoms in many colours, full of originality and experimental passion. The story is at times surreal and strange, spiced up with obscure symbolism and unconventional narrative techniques. In the Kadowaki family garden stands a fig tree that has never born fruit. It observes everything that goes on in the house of this odd family and is a main character in its own right. Momoi stars as the mother, who only thinks about taking care of the house. The father works at a construction site and moves into another apartment to be closer to work. When he returns to the house he suddenly drops dead. This sets off a storyline that dances around on the boundary between fantasy and family drama (involving a few cursing, foul-mouthed ants).*

## Andlit fíkjutrésins

Faces of a  
Fig Tree

Ichijiku no kao

**Kaori Momoi**

(JPN) 2006

94 min, 35mm



**Momoi** er fædd árið 1952 í Tokyo og hóf kvikmyndaferil sinn árið 1971. Hún lærði í British Royal Academy of Ballet og í Bungakuza School of Dramatic Art. Vestrænr áhorfendur muna kannski eftir henni sem eiganda geisju-húss í *Memoirs of a Geisha* (2005) eða úr kvikmynd Aleksandr Sokurov, *The Sun* (2005), sem sýnd var á kvikmyndahátíð í fyrra.

**Momoi** was born in 1952 in Tokyo and began her career in film in 1971. She studied at the British Royal Academy of Ballet and at the Bungakuza School of Dramatic Art. Western audiences might remember her as the owner of a geisha house in *Memoirs of a Geisha* (2005) or from Aleksandr Sokurov's *The Sun* (2005), which was screened at last year's festival.







Vassilis Galis er ungur maður sem á erfitt með að vaxa úr grasi. Móðir hans greindist með krabbamein þegar hann var strákur en náði sér upp úr veikindunum. Þá gjörbreyttist sýn hennar á lífið og hún yfirgaf fjölskylduna til að hverfa á vit ævintýrana. Vassilis hefur ekki séð hana síðan en fjarvera hennar hefur haft ótvíræð áhrif á alla fjölskylduna. Pabbi hans talar lítið sem ekkert lengur og bróðir hans, sem er orðinn kvikmyndastjarna, hræðist tilfinningar. Vassilis á erfitt með að ná sambandi við annað fólk og eini fasti punkturinn í lífinu gegnum árin hefur verið hundurinn Roz. Þegar Vassilis kynnist stúlkunni Snezönu, sem er á tólfta ári, þróast með þeim sterk vinabönd og Vassilis tekur að hverfa enn lengra aftur í barndóminn.

*Vassilis Galis is a young man having trouble growing up. His mother was diagnosed with cancer when he was a boy but she got better. Subsequently her vision of life was changed radically and she left her family to embark on new adventures. Vassilis hasn't seen her since but her absence has left a telling mark on the whole family. His father hardly speaks anymore and his brother, now a famous movie star, is afraid of emotion. Vassilis has problems reaching out to other people and the only steadfast part of his life through the years has been his dog, Roz. When Vassilis meets Snezana, aged eleven and a half, a strong friendship begins to develop and Vassilis starts descending ever deeper back into his childhood realm.*

## Bleikur

## Pink

## Roz

**Alexandros Voulgaris**

(GRE) 2006

95 min, 35mm



**Voulgaris** er fæddur árið 1981, rétt eins og aðalpersónan sem hann leikur sjálfur. Vinna við Bleikan hófst 2003 og er önnur mynd hans í fullri lengd, en hann leikstýrði auk þess *Crying?* (2004).

**Voulgaris** was born in 1981, just like his protagonist, whom he plays himself. Work on *Pink* began in 2003 and is his second feature film, but he also directed *Crying?* (2004).

16 | 17

**Vitranir**

New Visions





Í þessum nútímalega naumhyggjuvestra er sögusviðið bómullarakrar og sveitavegir suðaustur Arkansas í Bandaríkjunum, en bræðurnir Son, Boy og Kid gætu rétt eins verið sprotnir upp úr íslensku fornsögunum. Faðir þeirra var ruddi og fyllibytta sem yfirkaf fjölskylduna án þess að hafa fyrir því að gefa sonum sínum almennileg nöfn. Þeir ólust upp í stirðu sambandi við móður sína og engu sambandi við föður sinn, sem gleymdi sínu fyrra lífni, gerðist edrú og kristinn, stofnaði aðra fjölskyldu og eignaðist fjóra nýja syni sem fengu allir réttmæt nöfn. Kvikmyndin hefst eftir að umræddur faðir er nýdáinn. Þegar týndu synirnir mæta í jarðarförina í óþökk hálfbræðra sinna sýður upp úr bældu hatri og gamaldags atburðarás heiðurs og hefndarskyldu er leyst úr læðingi.

*The backdrop of this modern minimalist Western are the cotton fields and back roads of Southeast Arkansas, but brothers Son, Boy and Kid could just as well be born out of the old Icelandic sagas. Their father was a violent drunk who left his family without even bothering to give the boys proper names. They grew up in a bad relationship with their mother and had no relationship with the father, who forgot his former life, sobered up, became a devout Christian, started another family and had four new sons who all got fine names. The film begins just after the father dies. When the lost boys show up for the funeral to the latent hostility of their half-brothers, past hatred boils anew and an old-fashioned tale of revenge, obligation and honour is unleashed.*

# Bræður munu berjast

---

## Shotgun Stories

**Jeff Nichols**

(US) 2007

90 min, 35 mm



**Jeff Nichols** er fæddur árið 1978 í Little Rock, Arkansas, og útskrifaðist úr kvikmyndaskóla í North Carolina árið 2001. Auk *Bræður munu berjast*, sem er fyrsta verk Nichols í fullri lengd, hefur hann skrifað og leikstýrt sex stuttmyndum.

**Jeff Nichols** was born in 1978 in Little Rock, Arkansas, and graduated from the North Carolina School of the Arts, School of Filmmaking in 2001. In addition to *Shotgun Stories*, which is his feature debut, Nichols has written and directed six shorts.





# Eigið þér annað epli?

Have You  
Another Apple?

Baaz ham sib  
daari?

**Bayram Fazli**

(IRA) 2006

90 min, 35mm



**Fazli** er fæddur árið 1968 í Íran og útskrifaðist úr listaháskóla í Teheran. Hann hefur unnið lengi sem kvikmyndatökumaður og leikstýrt tveimur stuttmyndum. Eigið þér annað epli? er fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd og hefur farið farsælan hátíðarúnt síðan hún vakti verðskuldaða athygli í Fenejum í fyrra.

**Fazli** was born in 1968 in Iran, and graduated from the Art University in Tehran. He has worked on many films as director of photography and has directed two shorts. Have You Another Apple? is his first feature and has been a success at festivals after receiving much praise in Venice last year.

Allegorísk, súrrealísk, ádeila, satíra, grínmynd, ævintýri, meistarastykki – gripið hefur verið til alls kyns orða til að lýsa furðuverkinu sem hátíðargestum er boðið að gæða sér á að þessu sinni. Sögusviðið er ónefnt land á óþekktum tíma. Harðstjóri ræður þar ríkjum með hjálp einkahers sem þýtur um á mótorhjólum vopnaður ljám. Líkt og í öllum góðum ævintýrum þarf hetja að rísa gegn illskunni og frelsa fólkið frá glötun. Í þessu tilviki er hetjan hálfgerður auli, sköllóttur klunni sem hugsar ekki um annað en að fylla á sér magann. Hann ferðast á milli þorpa ásamt félagamönnum sínum og vekur fólk (bókstaflega) til uppreisnar gegn kúgurunum. Myndin er stútfull af dásamlegum atriðum og er glæsilega tekin, enda leikstjórinn þekktur kvikmyndatökumaður í heimalandinu.

*Allegoric, surreal, social commentary, satire, comedy, fantasy, masterpiece – many words have been used to describe this oddity of a film. The backdrop is an unnamed land in an unknown time. A dictator rules with the help of his private army which sweeps across the desert on motorcycles armed with scythes. Like in any good fairy tale a hero must rise against the evil and free the people from suffering. In this tale the hero is a bit of an idiot, a bald-headed klutz solely interested in filling his belly. He travels from village to village with his partner and awakens the people (literally) to rise up against the oppressors. The well-known Iranian cinematographer fills the film with wonderful scenes which are gloriously shot.*

18 | 19

**Vitranir**

New Visions





Eftir að hafa átt í löngu sýndarsambandi í gegnum Netið ákveða Milena og Philip að bíta á jaxlinn og hittast. Hún er innflytjandi af búlgvörsku uppruna sem býr í Montreal en hann er daðrandi ljósmyndari frá Sofíu. Saman ákveður parið að gefa sig á vald hvors annars á einangruðu sveitabýli í Québec. Menningarárekstrar og holdlegar nautnir fylgja í kjölfarið á meðan þau vega og meta hvort annað og íhuga möguleikann á sannri ást. En fyrr en varir taka dularfullir og ógurlegir atburðir að gerast. Samband elskendanna breytist og spillist af þögn og undirferli. Þessi tilraunakennda mynd er gerð fyrir lítið fjármagn og veltir upp þversagnakenndum flækjum sem verða til þegar sýndardaður verður að veruleika.

*After a lengthy virtual relationship over the Internet, Milena and Philip take the plunge and agree to finally meet. Having lived in Montreal for over a decade, Milena, an immigrant of Bulgarian descent, accepts to greet her correspondent Philip, a flirtatious photographer from Sofia. Out in an isolated cottage in Quebec's countryside, the couple abandon themselves to one another. Between periods of cultural clashes and fleshly pleasures, the two assess each other and the possibilities for true love. But strange, uncanny events soon disrupt Milena and Philip's quiet intimacy as secrecy and silence slowly set in. This experimental film was made for a very low budget and is an investigation into the paradoxical complexities of a virtual flirt becoming real.*

## Einkalíf okkar

## Our Private Lives

## Nos vies privées

**Denis Côté**

(CAN) 2007

82 min, BetaSP



**Côté** hefur gert um 15 ódýrar stuttmyndir síðan 1993, sem hafa ferðast hátíða á milli. Hann hefur unnið sem útlarpskynnir, kvikmyndarýnir og varaforseti samtaka kvikmyndarýna í Quebec (AQCC) frá 2001-2006. Hann gerði sína fyrstu kvikmynd árið 2005, *Drifting States*, sem vann gullna hlébarðann í Locarno. *Einkalíf okkar* er önnur kvikmynd Côté í fullri lengd.

**Côté** has made around 15 low budget shorts since 1993, which have been screened in many festivals. He has worked as a radio host, film critic and was vice-president of the Québec's Film Critics Association (AQCC) from 2001-2006. His 2005 feature debut, *Drifting States*, won the Golden Leopard at Locarno. *Our Private Lives* is his second feature.





## Ferð Isku

## Iska's Journey

## Iszka utazása

**Csaba Bollók**

(HUN) 2007

93 min, 35mm



**Csaba Bollók** útskrifaðist frá Ungversku drama og kvikmynda-akademíunni árið 1994 og leikstýrði sinni fyrstu mynd í fullri lengd 1998. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir stuttmyndir í samstarfi við Béla Balázs stúdíóið.

Iska litla þarf að hafa mikið fyrir lífinu. Hún býr við fátækt, betlar mat og skiptir brotajárni fyrir peninga, sem fara beint í að kaupa áfengi ofan í ofbeldisfulla foreldra. Henni er bjargað af götunni og fær umhyggju á tökuheimili fyrir illa haldin börn. En Iska vill ekki yfirgefa heimahúsin, sama hversu slæm þau hafa reynst henni, og hún snýr aftur í blindfullan faðm foreldra sinna. Á tökuheimilinu hefur hún eignast góðan vin og þau láta sig dreyma um að strjúka saman niður að sjó. Áhorfendur sogast inn í heim þessarar heillandi ungu stúlku og lifa sig því enn fremur inn í ferð Isku þegar snuðra hleypur á þráðinn og dularfullir menn taka hana upp í bíl sinn.


*For young Iska, life is a constant struggle of living in poverty, begging for food and trading scrap metal for money that goes straight into buying booze for her violent parents. When she is taken off the streets and put into care at a children's shelter, Iska doesn't want to leave the abusive home and returns to her parents' drunken arms. But during her stay at the shelter she made a good friend and the two of them fantasize about running away to the ocean. The audience is pulled into the world of this mesmerizing young girl but Iska's journey suddenly hits a snag and mysterious men decide to give her a lift.*

20 | 21

**Vitranir**

New Visions

**Csaba Bollók** graduated from the Hungarian Academy of Drama and Film in 1994 and directed his first feature in 1998. He has won several awards for his shorts made in collaboration with the Béla Balázs studio.





Gildran er nútímaleg rökkurmynd sem á sér stað í Belgrad 21. aldarinnar en eftir fráhrárf Milosevic er Serbía land í leit að sjálfsmynd í skugga vondrar fortíðar. Hjónin Mladen og Marija eru hamingjusamlega gift og eiga soninn Nemanja. Einn dag kemur í ljós að Nemanja hefur þróað með sér banvænan hjartasjúkdóm, læknar mæla með aðgerð í Berlín en foreldrarnir eiga ekki þær 26.000 evrur sem aðgerðin kostar. Á skammri stundu er eins og líf þeirra hafi umturnast og Mladen er skyndilega kominn í þá aðstöðu að þurfa að velja á milli lífs sonar síns og eigin sálar.

*The Trap is a modern-day film noir set in 21st century Belgrade; in a post-Milosevic Serbia in search of an identity in the wake of past horrors. Mladen and Marija are happily married, and their life seems peaceful enough. Suddenly, they find out that their only son, Nemanja, has developed a serious heart condition. The doctor advised an operation in Berlin, but Mladen and Marija do not possess the required 26,000 euros. As if their life as they knew it has been capsized, Mladen finds himself in a position where he must choose between his son's life and his own soul.*

---

# Gildran

---

## The Trap

---

## Klopka

---

**Srdjan Golubovic**

(SER/GER/HUN) 2007

106 min, 35mm



**Srdjan Golubovic** er fæddur árið 1972 í Belgrad. Gildran er fimmta kvikmynd hans en hann vakti fyrst athygli með myndina Algjört Hundrað sem hlaut fjölda verðlauna.

**Srdjan Golubovic** was born in 1972 in Belgrade. The Trap is his fifth film, but he first received recognition for his 2001 award-winning film Absolute Hundred.





Aðalpersóna Gleðilegs nýs lífs er eitt þúsunda barna sem ólust upp munaðarlaus á vegum ríkisstjórnarinnar í Ungverjalandi. Hann er nú fullvaxta og býr í ónefndri stórborg þar sem hann svífur rótlaus um strætin og ber með sér vaxandi þrá til að eiga einhvern að. Hann á vini en myndar engin raunveruleg tengsl við fólkíð í kringum sig og er áhorfandi að lífinu. Þegar hann fær í hendurnar skjalamöppu með upplýsingum um æskuárin kviknar vonarneisti um að hægt sé að bæta það sem misfórst í æsku hans. Gleðilegt nýtt líf er ljóðræn og listilega vel tekin mynd sem dregur áhorfendur inn í draumkennt hugarástand aðalpersónunnar frá upphafi til enda og situr eftir í undirvitundinni.

*Happy New Life's protagonist is one of thousands of children who grew up as orphans under the wing of the Hungarian government. Now an adult living without roots in an anonymous city, he drifts through the streets, holding a burning desire to belong. He has friends but feels no connection to the people around him and watches life pass by from the outside. He receives a dossier that includes his childhood files which gives him hope that what was left unfinished when he was young can somehow be reconstructed. Happy New Life is a poetic and skilfully shot film that draws the audience into the protagonist's dreamlike state of mind from beginning to end.*

## Gleðilegt nýtt líf

## Happy New Life

## Boldog új élet

Árpád Bogdán

(HUN) 2007

80 min, 35mm



Árpád Bogdán er fæddur 1976 í Nagykanizsa í Ungverjalandi. Hann hefur unnið við óháð leikhús í Búdapest og gert stuttmyndir en Gleðilegt nýtt líf er fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Hann skrifar auk þess handritið.

Árpád Bogdán was born in 1976 in Nagykanizsa, Hungary. He has worked with alternative theatres in Budapest and directed short films, but Happy New Life is his first feature. He also wrote the screenplay.

22 | 23

Vitranir

New Visions





# Heimsókn hljómsveitar- innar

## The Band's Visit Bikur Hatizmoret

**Eran Kolirin**

(IL/FR) 2007

84 min, 35mm



**Kolirin** vann Lipper verðlaunin fyrir besta handrit á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Jerúsalem árið 1999 fyrir kvikmyndina Zur – Hadassim. Hann leikstýrði sjónvarpsmyndinni The Long Journey árið 2004 en Heimsókn hljómsveitarinnar er fyrsta kvikmyndin í fullri lengd. Hann vinnur nú að sinni næstu mynd, sem ber nafnið Pathways in the Desert.

Heimsókn hljómsveitarinnar er lítillát kvikmynd um mannleg samskipti á meðal fólks sem hefur aldrei hist áður en á ýmislegt sameiginlegt, jafnvel þótt það liggi ekki í augum uppi. Kvikmyndin er nokkurs konar óður til einfaldari tíma og býður upp á þægilega hvíld frá hraða og áreiti samtímans. Lítil egypsk lögregluhljómsveit ferðast til Ísrael að halda tónleika við menningarlega opnunarathöfn. Þegar þangað er komið tekur enginn á móti þeim við flugvöllinn. Þeir reyna að redda sér sjálfir og enda á röngum stað í litlum, afskekktum bæ í eyðimörkinni. Týnd hljómsveit í gleymdum bæ. Það muna ekki margir eftir þessu atviki, enda var svo sem ekkert merkilegt við það.

*The Band's Visit is a modest film about connections between people who have never met before but have much in common, even though this is by no means apparent. The film is a sort of ode to simpler times and offers a deserved rest from the speed and vexation of modern life. A small Egyptian police band travel to Israel to hold a concert. Upon arrival, no one comes to greet them at the airport. They try to make their own way to their destination and wind up in the wrong place, in a small, desolate town in the desert. A lost band in a forgotten town.*

Director **Kolirin** won the Lipper Prize for best script at the Jerusalem International Film Festival in 1999 for the film Zur – Hadassim. He directed the TV movie The Long Journey in 2004 and The Band's Visit is his directorial motion picture debut. Kolirin is currently working on Pathways in the Desert, his second feature film.







---

# Hjálpaðu mér Eros

---

Help Me Eros

---

Bangbang wo  
aishen

---

**Lee Kang-Sheng**

(TW) 2007

103 min, 35mm

---



**Lee Kang-sheng** er fæddur árið 1968 í Taipei í Taiwan. Hann er þekktur leikari vegna langtíma vinnusambands við leikstjórnann Tsai Ming-liang og aðra þekktu ásiska leikstjóra á borð við Lin Cheng-sheng og Ann Hui. Hann leikstýrði sinni fyrstu mynd árið 2003, *The Missing*, sem vakti athygli og lof gagnrýnenda. *Hjálpaðu mér Eros* er önnur mynd hans.

Ah Jie tapaði öllu þegar verðbréfin hans hrundu. Hann eyðir dögnum lokaður inni í íbúðinni, þar sem hann reykir jónur og ræktar maríjúana-plöntur í laumi. Í örvæntingu sinni hringir hann í hjálparlínu og kynnist símakonunni Chyi. Góðleg og hugljúf rödd hennar gerir að verkum að hann verður ástfanginn af tilbúinni ímynd sem hann skapar sér um Chyi, án þess að vita neitt um offituvandamál hennar. Hann tekur að færa fantasíuna um Chyi yfir á Shin, stúlku sem er nýbyrjuð að selja betel-hnetur fyrir utan húsið hans. Hann dregst nær henni og saman sökkva þau niður í heim erótískra og skynörvandi nautna. Þetta er saga um einmanaleikann og firringu neyslumeningarinnar, sögð með lifandi stílbrögðum og tilfinningadýpt.

*Ah Jie lost everything in a stock market crisis. He spends his days in his sealed apartment, smoking joints and growing marijuana plants in secret. In desperation, he calls a helpline and gets to know Chyi, whose sweet and gentle voice causes him to fall in love with his fantasized image of her, but whose overweight body remains hidden on the other end of the line. He begins projecting his fantasy of Chyi on Shin, the new girl working at the betel nut stall downstairs. He becomes closer to her and soon the two of them sink into a world of erotic and psychedelic pleasures. This is a story about loneliness and dissatisfaction with consumer culture, told with an innovative visual style and great emotional depth.*

24 | 25

---

**Vitranir**

New Visions

---

**Lee Kang-sheng** was born in 1968 in Taipei, Taiwan. He became well known as an actor for his long-term working relationship with director Tsai Ming-liang as well as other prominent Asian directors such as Lin Cheng-sheng and Ann Hui. He made his feature directorial debut with the critically acclaimed *The Missing* (2003). *Help Me Eros* is his second feature film.





Imri er 19 ára gamall og nýfluttur til Tel Aviv. Hann dreymir um að flytja til Japan og í hugum allra sem þekkja hann virðist sem hann sé alltaf á leiðinni þangað. Á sama tíma er æskuvinkona hans að flytja til New York. Imri kynnist lífinu í Tel Aviv, fær sér vinnu, safnar pening, lærir japönsku, kynnist fólki, skoðar klám á netinu og stundar kynlíf með öðrum mönnum. Stríð á sér stað í aðeins nokkurra kílómetra fjarlægð sem virkar enn lengra í burtu en Japan. Myndin hugleiðir framandi lönd og rómantíska draumóra í borgarsamfélagi á tímum alþjóðavæðingar. Imri sér menningarheim draumalandsins í dýrðarljósi en jafnvel þótt hann komist alla leið til Japans er alls ekki víst að lífið þar sé neitt öðruvísi.

*19-year-old Imri has just moved to Tel Aviv. He dreams of moving to Japan and to everyone around him it seems that he is always on his way. At the same time his childhood friend is moving to New York. Imri experiences life in Tel Aviv, gets a job, saves up money, meets people, watches Internet porn and has sex with other men. A war is taking place some kilometres away, which seems even more distant than Japan. The film poses questions regarding exotic lands and romantic fantasies in an urban society during a time of globalization. Imri sees the culture of his dreamland in a glorified way but even if he ever makes it to Japan there is no certainty that life will be any different.*

# Japan Japan

Lior Shamriz


(ISR) 2007

65 min, Digibeta



**Shamriz** er fæddur í Ashkelon í Ísrael árið 1978. Hann lærði kvikmyndagerð í kvikmyndaskóla Jerúsalemborgar og hefur stundað nám við Institute for Time-Based Media í UdK í Berlín síðan í október 2006. Japan Japan er fyrsta mynd Shamriz í fullri lengd en hann hefur áður gert fjölda stuttmynda.

**Shamriz** was born in Ashkelon, Israel, in 1978. He studied film at the Jerusalem Film School and has been attending the Institute for Time-Based Media in UdK in Berlin since October 2006. He has made a number of short films and Japan Japan is his first feature.





# Listin að gráta í kór

The Art of Crying

Kunsten at  
græde i kor

**Peter Schønau Fog**

(DK) 2007

105 min, 35 mm



**Peter Schønau Fog** er fæddur í Danmörku árið 1971 og útskrifaðist úr kvikmyndaskóla Danmerkur árið 2000. Í kjölfarið hlaut hann nokkra athygli fyrir útskriftarmynd sína, Lille mændsk (2000), en Listin að gráta í kór er frumraun hans í fullri lengd.

**Peter Schønau Fog** was born in Denmark in 1971 and graduated from the National Film School of Denmark in 2000. He gained some attention for his graduating film, Lille mændsk (2000), but The Art of Crying is his feature-film debut.

Allan er ellefu ára drengur að vaxa úr grasi í Danmörku snemma á áttunda áratugnum og tilveran er hvorki auðveld né einföld. Stóri bróðir er fluttur að heiman. Pabbinn er sígrátandi og hótar reglulega að fremja sjálfsmorð. Allan lítur upp til föður síns og vill gera allt til að gleðja hann og hjálpa fjölskyldunni. Því skilur hann ekki hvers vegna mamman tekur sjálfsmorðshótanirnar ekki alvarlega eða hví stóra systir er í æ meiri uppreisn og virðist ekki þola föður þeirra. Með því að bera fram skuggalegt söguefni í gegnum persónu hins unga Allan tekst leikstjóranum Fog að bræða saman húnur, sorg, ofbeldi og bannhelgi innan þessarar trufluðu fjölskyldu á einkar eftirminnilegan hátt í mynd sem hefur verið margverðlaunuð á kvikmyndahátíðum.

*Allan is an eleven-year-old boy growing up in early 1970s Denmark and life is neither easy nor simple. His big brother has moved out. His father is always crying and regularly threatens to commit suicide. Allan reveres his father and is willing to go to great lengths in order to cheer him up and help out the family. Therefore he can't understand why his mother isn't taking the suicide threats seriously or why his big sister is rebelling and can't seem to stand their father. By presenting his dark subject matter through the eyes of young Allan, director Fog is able to mix together humour, grief, violence and taboos within this dysfunctional family in a notable and memorable film that has won awards at many film festivals.*

26 | 27

**Vitranir**

New Visions





Þessi sprenglæðilega gamanmynd fylgir eftir þremur sígaunamönnum á ferðalagi þeirra á biluðum trukki frá norðurhluta Tékklands til Slóvakíu. Undir ærslafullu yfirborði liggur hins vegar dýpri boðskapur um menningararfleifð sem berst fyrir að halda einkennum sínum og sjálfstæði. Jura er nútímalegur ungur háskólanemi og pabbi hans, Roman, hefur ákveðið að hann eigi að giftast dóttur besta vinar síns. Hann býður syni sínum með í ferðalag að hitta þessa stúlku. Jura er hneykslaður og þverneitar en lætur loks undan þrýstingi föður síns og heldur hikandi af stað í ferðalag sem mun verða töluvert trylltara en Jura gæti nokkurn tímann ímyndað sér. Með í för er fjölskylduvinurinn Stano, sérlega ósiðmenntaður villingur sem laðar að sér vandræðin í þessari kexrugluðu vegamynd.

*This hilarious comedy follows the adventures of three Roma men as they journey on a broken truck from the northern Czech Republic to Slovakia. Under the slapstick surface lies a deeper message of a culture fighting for its identity and independence. Jura is a young and modern university student whose father, Roman, has decided long ago that the daughter of his best friend will become Jura's wife. He invites his son on a road trip to meet the girl. Jura is shocked and denies the request, but eventually gives in to his father's pressure and reluctantly goes on a journey that will be much wilder than Jura could ever have imagined. Along for the ride is family friend Stano, a grossly uncivilized loose cannon, who attracts trouble in this madcap road movie.*

# Rótleysi Roming

**Jirí Vejdelek**

(CZ/ROM/SLO) 2007

107 min, 35mm



**Vejdelek** er fæddur í Šluknov í Tékklandi og lærði kvikmyndagerð í FAMU-skólanum í Prag. Hann leikstýrði verðlaunastuttmyndunum Múza (1998) og Sweets (1999) og hefur áður gert kvikmyndina Holiday Makers (2006). Roming er önnur mynd hans.

**Vejdelek** was born in Šluknov in the Czech Republic and studied filmmaking at FAMU in Prague. He directed the award-winning shorts Múza (1998) and Sweets (1999) and made the feature film Holiday Makers (2006). Roming is his second feature.





Ian Curtis, söngvari hljómsveitarinnar goðsagnakenndu Joy Division, stytti sér aldur einungis 23 ára gamall. Hann hafði þá gefið út tvær plötur með sveitinni, gift sig, átt hjákonu og orðið faðir. Stjórn er saga Curtis, allt frá unglingsárum og þar til hann beið lægri hlut í glímu sinni við þunglyndi og alkoholisma örlagaríkt sunnudagskvöld árið 1980. En þetta er ekki síður saga Deborah Curtis, konunnar sem hann elskaði og sveik, og þess sem hún mátti þola, enda er kvikmyndin byggð á endurminningum hennar. Samantha Morton er frábær í hlutverki Deborah og yfirveguð nálgun leikstjórans Corbijn er einnig aðdáunarverð. Corbijn starfaði lengi sem ljósmyndari og tók ljósmyndir af Joy Division meðan sveitin starfaði og á því ekki í vandræðum með að fanga andann sem ríkti í kringum sveitina á þessum árum.

*Ian Curtis, lead singer of the legendary rock group Joy Division, committed suicide only 23 years old. By then, he had recorded two albums with his band, gotten married, had a mistress and fathered a child. Control is Curtis' story of struggle with depression and alcoholism from his teenage years until his death one fateful Sunday night in 1980. But this is also the story of Deborah Curtis, the woman he loved and betrayed, and what she had to go through, as the screenplay is based on her memoir. Samantha Morton is stunning in the role of Deborah and director Corbijn approaches the subject with rare subtlety. Corbijn worked as a photographer and photographed Joy Division while the group was active. His experience makes for a realistic recreation of the late seventies and the aura surrounding the group at that time.*

# Stjórn

---


# Control

---

**Anton Corbijn**

(UK) 2007

121 min, 35mm



**Anton Corbijn** er fæddur árið 1955 í Hollandi. Hann hefur leikstýrt fjölda tónlistarmyndbanda auk þess sem hann er þekktur sem ljósmyndari. Stjórn er fyrsta mynd hans í fullri lengd.

**Anton Corbijn** was born in 1955 in Holland. He has directed numerous music videos and worked as a photographer. Control is his first full-length feature film.

28 | 29

---

**Vitránir**

New Visions





Fæstir vita af því að sum börn fæðast með það sem kallast „tvíræð kynfæri“. Alex er 15 ára gamall táningur sem býr yfir viðkvæmu leyndarmáli. Stuttu eftir fæðingu ákváðu foreldrar hennar að yfirgefa stórborgina og flytja í einangrað viðarhús við strandlengju Úrúgvæ. Þegar Alex er komin á kynþroskaaldurinn bjóða foreldrarnir heim skurðlækni og vilja neyða Alex til að velja á milli tveggja kynja. Læknirinn kemur ásamt eiginkonu sinni og syninum Álvaro. Á milli táninganna hefst samband og í ljós kemur að þau eru bæði óviss og forvitin um kynlíf og kyngervi. Þau eru hins vegar ekki hrædd eða fordómafull, ólíkt óskilningsríkum foreldrunum. XXY er mynd um erfitt og sjaldgæft málefni, en skilar sögunni frá sér á tilfinninganæman og magnþrunginn hátt.

*Most people are unaware that some babies are born with a condition known as “genital ambiguity“. Alex is a 15-year-old teenager with a dark secret. Soon after her birth, her parents decided to leave the city to settle in an isolated wooden house by the Uruguyan shoreline. When Alex reaches adolescence her parents invite a surgeon to the house in order to force Alex to choose her gender. The surgeon arrives with his wife and their son Álvaro. A relationship forms between the teenagers and it soon emerges that they are both confused and curious about sex and gender. But they are not scared or prejudiced, unlike their intolerant parents. XXY might be a rare story, but the film explores its difficult subject in an understanding and impressive way.*

## XXY

**Lucia Puenzo**

(ARG/ESP/FRA) 2007

91 min, 35mm



**Puenzo** er fædd árið 1976 í Buenos Aires í Argentínu. Eftir að hafa lagt nám á bókmenntir, kvikmyndir og leikhús gaf hún út þrjár skáldsögur. Hún hefur leikstýrt stuttmyndum, heimildamyndum og sjónvarpsseríum, en XXY er fyrsta mynd hennar. Verkið hlaut Grand Prix verðlaunin á alþjóðlegu gagnrýnendavikunni í Cannes í ár.

**Puenzo** was born in 1976 in Buenos Aires, Argentina. After studying literature, cinema and theatre she published three novels. She has directed short films, documentaries and TV mini-series, but XXY is her first feature. It won the Grand Prix award at the International Critic's Week in Cannes this year.





---

# Fyrir opnu hafi

4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar

Aleksandra

Ávallt, aldrei og hvar sem er

Fay Grim

Greipt í minni!

Grimmdarpokki

Himinbrún

Híena

Innflutt útflutt

Tímabundið frelsi

Tómar

Útlegð

Þið, lifendur

---

Á ári hverju eru gerðar þúsundir kvikmynda. Örfáar þeirra ná að snerta áhorfendur djúpt. Þessar fáu en kraftmiklu myndir sigla um höf alþjóðlegra kvikmyndahátíða svo mánuðum skiptir og sumum þeirra tekst smám saman að gára vatnið. Þegar svo er komið skellur aldan af fullum krafti á Íslandsströndum og myndar í flokkinn Fyrir opnu hafi. Kvikmyndirnar í flokknum eru meistarastykki sem valda engum vonbrigðum.



---

# Open Sea

- 4 months, 3 weeks and 2 days (ROM)
- Aleksandra (FRA/ITA/RUS)
- Forever, Never, Anywhere (AUT)
- Fay Grim (US/GER)
- Brand Upon the Brain! (CAN/US)
- Savage Grace (ESP/US)
- The Edge of Heaven (GER/TUR)
- Hyena (POL)
- Import Export (AUT/FRA)
- Temporary Release (DK)
- Empties (CZ)
- The Banishment (RUS)
- You, the Living (SWE)

---

*Every year, thousands and thousands of films are made around the world. Only a few of them manage to touch each viewer deeply, regardless of origin or mother tongue. These powerful films often sail through the seas of international film festivals for months, slowly rippling the water. Some of the films manage to break into fully-fledged waves before hitting the shores of Iceland with full force. These are the films that make up our category Open Sea. They are proven masterpieces of art and will leave no one disappointed.*



4 mánuðir,  
3 vikur  
og 2 dagar

4 months,  
3 weeks and  
2 days

4 luni,  
3 saptamani si  
2 zile

**Cristian Mungiu**

(ROM) 2007

113 min, 35mm



**Cristian Mungiu** er fæddur í Rúmeníu árið 1968. Hann nam enskar bókmenntir í háskólanum í Iasi og starfaði sem kennari og blaðamaður í nokkur ár. Árið 1998 útskrifaðist hann úr kvikmyndaháskólanum í Búkarest. 4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar er önnur mynd hans í fullri lengd.

**Cristian Mungiu** is born in Romania in 1968. He studied English literature at the University of Iasi and worked as a teacher and journalist for a few years. In 1998 he graduated from the University of Film in Bucharest. 4 months, 3 weeks and 2 days is his second feature.

Myndin sem allir eru að tala um! Eldfimt umfjöllunarefni, handhafi gullpálmans í Cannes fyrir skemmstu, og enn ein myndin í runu frábærra kvikmynda frá Rúmeníu; það er skemmst að minnst Dauða Hr. Lazarescu, handhafa gullna lundans árið 2005. Með hefðbundnum rúmenskum hæagangni lýsa 4 mánuðir... hremmingum sem tvær ungar stúlkur lenda í þegar þær kaupa ólöglega fóstureyðingu af Hr. Bebe. Myndin gerist á síðari skeiðum kommúnismans í Rúmeníu þar sem fóstureyðingar voru bannaðar. Anamaria Marinca sýnir stórkostlegan leik í hlutverki Otiliu, góðhjartaðrar vinkonu og herbergisfélaga hinnar óléttu Gabitu. Frammistaða hennar í bland við hráa myndatöku og magnað handrit gera myndina á köflum óþægilega raunsæislega en að sama skapi afskaplega eftirminnilega.

*The film on everyone's lips – controversial subject-matter, Palme d'Or winner of 2007, and the latest film in a string of quality productions from Romania (the Golden Puffin recipient of 2005 was Romanian feature The Death of Mr. Lazarescu). With typical Romanian heaviness, 4 months... depicts two young girls who get into trouble after agreeing to buy an illegal abortion from Mr. Bebe. The film is set in the final days of Romanian communism where abortions were not allowed. Anamaria Marinca is amazing in her role as Otilia, the friend and roommate of pregnant Gabita. Marinca's performance combined with raw cinematography and a very clever script makes an, at times, uncomfortable viewing experience but a very memorable one.*

LOKA  
MYND  
CLOSING  
FILM





Sokurov hlaut heiðursverðlaun hátíðarinnar í fyrra og íslenskir áhorfendur fengu tækifæri til að sjá nokkrar myndir eftir þennan rússneska rísa. Aleksandra er nýjasta meistaraverk leikstjórans og er þetta í fyrsta skipti sem hann skrifar sitt eigið handrit. Það gerði hann til að skapa sögupersónu fyrir hina heimsfrægu óperusöngkonu, Galinu Vishnevskaya, sem leikur titilhlutverk myndarinnar. Sokurov kallar þetta stríðsmynd án stríðs, en hann hefur óbeit á þeirri stílfærðu eða ljóðrænu ýkjunálgun sem einkennir gjarnan stórmyndir um svipað efni. Sögusviðið er stríðshrjáð Tsjetsjenía samtímans og Aleksandra Nikolaevna er amma á leið að hitta barnabarn sitt, ungan mann sem er einn besti hermaðurinn í sinni deild. Hún mun eyða nokkrum dögum á svæðinu og uppgötva nýjan heim.

*Sokurov received the Lifetime Achievement Award at the festival last year and Icelandic audiences were given the chance to see select films from his career. Aleksandra is his latest masterpiece and marks the first time that Sokurov directs his own script, which he wrote in order to create the title role for legendary opera singer Galina Vishnevskaya. Sokurov dislikes the overly stylized and poetic approach that is so common in war features and describes his film as a war film without war. The story takes place in the contemporary war-torn Chechen Republic and Aleksandra Nikolaevna is a grandmother who has come to see her grandson, a young man who is one of the best officers in his unit. She will spend a few days there and discover a completely new world.*

# Aleksandra

**Aleksandr Sokurov**

(FRA/ITA/RUS) 2007

92 min, 35mm



**Sokurov** er fæddur árið 1951 í þorpinu Podorvikha í Rússlandi. Þrátt fyrir erfiðleika og töluvert mótlæti frá sovískum yfirvöldum snemma á ferlinum komst hann fljótlega í röð mikilvægustu leikstjóra Rússlands. Aleksandra er sextánda kvikmynd hans.

**Sokurov** was born in 1951 in the Russian village Podorvikha. Despite difficulties and considerable opposition from Soviet authorities during his early career, Sokurov soon established himself among Russia's most important directors. Aleksandra is his sixteenth feature film.

34 | 35

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea





# Ávallt, aldrei og hvar sem er Forever, Never, Anywhere Immer nie am Meer

**Antonin Svoboda**

(AUT) 2007

88 min, 35 mm



**Antonin Svoboda** er fæddur árið 1969 í Vínborg og lærði leikstjórn í kvikmyndaskóla Vínborgar. Hann hefur áður gert kvikmyndina *You Bet Your Life* (2005) auk fjölda stuttmynda og er einn stofnenda COOP99 Filmproduktion.

**Antonin Svoboda** was born in Vienna in 1969 and studied directing at the Vienna Film Academy. He has directed the feature *You Bet Your Life* (2005) in addition to a number of shorts and is one of the founders of COOP99 Filmproduktion.

Í þessari meinfyndnu gamanmynd lenda þrjú menn í ógöngum eftir að bíllinn þeirra fer út af afskekktum vegi að næturlagi og endar langt inni í miklum skógi. Þeir sleppa með skrámur en vandræðin eru rétt að hefjast. Bíllinn er læstur, gluggarnir fastir, glerið skothelt og topplúgan biluð. Það er engin leið út. Mennirnir eru í sjálfheldu, farsímarnir utan þjónustuvæðis og ef hjálpin er á leiðinni, þá lætur hún bíða eftir sér. Eftir því sem tíminn líður verður ástandið sífellt óbærilegra í bílnum og skiptast þar á skin og skúrir, vonleysi og bjartsýni, hungur og fleiri mannlegar þarfir, þar til hjálpin birtist loks í líki ungs drengs sem hefur sínar eigin hugmyndir um örlög fórnarlambanna þriggja.

*In this claustrophobic comedy three men run into problems after their car goes off a remote road at night and winds up deep within a large forest. They escape uninjured but their troubles have only just begun. The car is locked, the windows stuck, the glass is bullet-proof and the roof panel is faulty. There is no way out. The men are trapped, their cell phones are out of service and if help is on its way, it's not in any hurry. As time goes by, the situation inside the vehicle gets increasingly unbearable. Despair and hope appear in turns, along with hunger and other human needs, until help finally appears in the form of a young boy who has his own ideas about the fate of these three victims.*





Fyrir tíu árum gerði Hal Hartley myndina *Henry Fool* (1997), sem margir telja eina af albestu myndum leikstjórans. Nú snýr hann aftur með stæl, en Fay Grim er sjálfstætt framhald þeirrar myndar. Fay, leikin af indí-drottningunni Parker Posey, er hrædd um að fjórtán ára sonur hennar muni vaxa úr grasi og verða eins og faðir hans, Henry, sem hefur ekki sést í sjö ár. Simon, bróðir Fay, situr inni með tíu ára fangelsisdóm á bakinu sem hann hlaut fyrir að aðstoða umræddan Henry að sleppa úr klóm löggunnar. Grunur leikur á að Henry hafi ekki verið allur þar sem hann var séður og þegar útsendarar CIA biðja Fay um að ferðast til Parísar að hafa uppi á eignum Henrys dregst hún inn í svikulan heim alþjóðanjóсна í skemmtilegri og frumlegri glæpamynd.

*Ten years ago Hal Hartley directed Henry Fool (1997), a film which many believe to be one of the director's best. Now he returns in style with Fay Grim, an independent sequel to Henry Fool, wherein Fay (played by indie-queen Parker Posey) has become afraid that her 14-year-old son will grow up to be like his father, Henry, who has been missing for seven years. Simon, Fay's brother, is serving ten years in prison for aiding in Henry's escape from the law. He has come to suspect that Henry was not the man he appeared to be and when agents of the CIA approach Fay, asking her to travel to Paris in order to retrieve some of Henry's property, she quickly finds herself knee-deep in the con-games of international espionage in this entertaining and original spy story.*

## Fay Grim

**Hal Hartley**

(US/GER) 2006

118 min, 35mm



**Hartley** er fæddur árið 1959 í Bandaríkjunum og reis til frægðar sem spennandi költ-leikstjóri með myndum á borð við *The Unbelievable Truth* (1989), *Trust* (1990) og *Amateur* (1994), en hann er auk þess Íslendingum vel kunnur vegna kvikmyndarinnar *Skrímli* (2001), sem var að hluta til gerð héraendis.

**Hartley** was born in 1959 in the United States and rose to fame as an exciting cult-director with films such as *The Unbelievable Truth* (1989), *Trust* (1990) and *Amateur* (1994), but he is also well known to Icelanders because of the film *No Such Thing* (2001), which was partly made locally.

36 | 37

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea





Í 12 þáttum Greipt í Minni! ferðumst við með persónunni „Guy Maddin“ aftur á æskuslóðir hans, yfirgefna kanadíska eyju á Winnipeg vatni, en þar hyggst Guy uppfylla dánarósk móður sinnar – að mála vitann. Á eyjunni ráku foreldrar hans munaðarleysingjahæli og þegar Guy kemur á staðinn byrja fortíðardraugarnir að svífa um. Minningar vitja hans stíft: Undarlegar vísindalegar „tilraunir“ föður hans á börnunum, ógnarstjórn móðurinnar og hin yndislega Wendy sem birtist dag einn... Fortíðin, líkt og þráin sjálf, er greipt í minni! Eins og fyrri myndir Maddins, er Greipt í Minni! tekin á svart-hvíta filmu og er nokkurs konar vísindaskáldsagnalegur óður til þöglu myndanna; án tals en í staðinn eru það draumkenndir, melódramatískir tónar og rödd Isabellu Rossellini sem segja okkur söguna.

*In the 12 chapters of Brand Upon the Brain! we travel with the character “Guy Maddin” back to the scenes of his childhood; a deserted Canadian island on Lake Winnipeg, as Guy attempts to fulfil his mother’s dying wish – to repaint the lighthouse. On the island his parents ran an orphanage, and when Guy comes back memories begin to haunt him: His father’s strange “experiments” on the children, his mother’s reign of terror, and the lovely Wendy who is washed ashore one day... The past, as desire itself, is brand upon the brain! Like Maddin’s other films, the black and white Brand upon the Brain! is a sci-fi tribute to silent cinema, where the dreamy melodramatic tones of the orchestra guide us through the story along with the voice of Isabella Rossellini.*

## Greipt í minni!

# Brand Upon the Brain!

**Guy Maddin**

(CAN/US) 2006

99 min, Digibeta



**Guy Maddin** er fæddur árið 1956 í Winnipeg. Hann nam bókmennta- og kvikmyndafræði við háskólann í Manitoba og vakti fyrst athygli árið 1988 fyrir myndina Sögur frá Gimlispítala. Ásamt kvikmyndagerð sinni kennir hann valin verk „skálda hvíta tjaldsins“ við íslensku og ensku deild Manitoba háskóla.

**Guy Maddin** was born in 1956 in Winnipeg. He studied Film and Literature at the University of Manitoba, and first received recognition for his 1988 film Tales from the Gimli Hospital. Besides making films he teaches the works of his preferred “poets of the silver screen” at the Icelandic and English department at the University of Manitoba





Grimmdarþokki byggir á sannsögulegum atburði sem átti sér stað í London þann 17. nóvember 1972, og líkt og atburðurinn sjálfur er þetta sönn amerísk tragedía. Sagan hefst nokkrum áratugum fyrr í New York. Julianne Moore leikur Barböru Daly Bækeland, eiginkonu auðjöfursins Brooks Bækeland, og þá er sonur þeirra Tony ungabarn. Strax í upphafi skynjar áhorfandi afbrýðispríhyrning á milli hjónanna og drengsins en þessi tilfinning ágerist með tímanum. Í bakgrunni fljóta heimsborgir og tiskustraumar á meðan ljúfsár saga fjölskyldunnar líður fram, þar til hið ósegjanlega á sér stað. Þessi umdeilda mynd hefur farið eins og sinueldur um allar helstu kvikmyndhátiðir 2007.

*Savage Grace is based on an actual event that occurred in London on November 17th 1972, and like the event itself, the film is a true American tragedy. The story begins a few decades earlier in New York. Julianne Moore plays Barbara Daly Bækeland, the wife of millionaire Brooks Bækeland, when their son Tony is an infant. From the start one perceives the jealous and possessive tendencies within the triangle, and this feeling only grows as time passes on. The family's bittersweet story glides forward on a background of chic European capitals and haute couture; until the unutterable occurs. This controversial film has dazed and amazed audiences at all major film festivals of 2007.*

# Grimmdarþokki

---

## Savage Grace

---

**Tom Kalin**

(ESP/US) 2007

97 min, 35mm



**Tom Kalin** er fæddur í Chicago árið 1962. Hann nam myndlist við Illinois háskóla og Listamiðstöð Chicago en í gegnum myndbandsverk sín snéri hann sér að kvikmyndagerð. Kalin er prófessor í kvikmyndagerð við Columbia háskóla í New York.

**Tom Kalin** was born in Chicago in 1962. He studied Fine Arts at the University of Illinois and the Art Institute of Chicago, and video-art gradually led to major film-making. Kalin is an associate professor at the Film Division of Columbia University.

38 | 39

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea





Kvikmynd Akin, *Gegen die Wand* (2004), vakti mikla lukku á hátíðinni fyrir tveimur árum og ekki er minna vænst af nýjasta verki leikstjórans, sem hefur farið mikinn á hátíðarröltinu og var m.a. með í keppni í Cannes nú í ár. Þar segir frá tengslum og flækjum í lífi nokkurra Tyrkja og Þjóðverja í einkar vel heppnuðu mannlegu drama sem færir á milli Bremen, Hamborg, Istanbul og Trabzon. Akin er sjálfur af tyrkneskum ættum en fæddur og uppalinn í Þýskalandi og skilar sögunni, sem hann skrifar auk þess sjálfur, með krafti og innlifun. Með í för er einvala lið tyrkneskra og þýskra leikara, en í því samhengi ber að nefna að sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar, sjálf Hanna Schygulla, leikur eitt þýsku hlutverkanna.

*Akin's 2004 film, *Gegen die Wand*, proved very popular at the festival two years ago and no less is expected from the director's latest piece which is having a great festival run and was in competition in Cannes this year. The film tells of the connections and complications in the lives of some Turks and a few Germans in an expertly crafted human drama that moves between Bremen, Hamburg, Istanbul and Trabzon. Akin himself is of Turkish origin, but born and raised in Germany. He delivers this story, which he also wrote, with power and style. Backed up by a group of strong Turkish and German actors, it should be mentioned that the festival's guest of honour, Hanna Schygulla, plays one of the German parts.*

## Himinbrún

## The Edge of Heaven

## Auf der Anderen Seite

**Fatih Akin**

(GER/TUR) 2007

122 min, 35mm



**Fatih Akin** fæddist árið 1973 í Hamborg og er rísandi stjarna sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga á stuttum ferli, en *Gegen die Wand* fékk t.a.m. Gullbjörninn í Berlín 2004. *Himinbrún* er fimmta kvikmynd Akin í fullri lengd, en hann hefur einnig leikstýrt stuttmyndum og heimildamyndum.

**Fatih Akin** was born in 1973 in Hamburg and is a star on the rise, and has already received much recognition, including the Golden Berlin Bear in 2004. *The Edge of Heaven* is Akin's fifth feature film and he has also directed short films and documentaries.







Þessi skuggalegi tryllir gerist á landamærum veruleika og ímyndunar. Raunverulegur ótti og hryllingur er sýndur í gegnum augu ungs drengs, sem missti föður sinn í námuslysi og hefur fjarlægst móður sína æ síðan. Hann heillast sífellt meira af hryllingssögunum sem hann og félagar hans keppast um að segja á leiðinni í skólann. Orðrómur er á kreiki um að óð hína hafi sloppið úr varðhaldi og tekið sér bólfestu í nágrenninu. Auk þess virðist sem fólk sé tekið að hverfa eitt af öðru á dularfullan hátt. Drenginn grunar að þetta tengist undarlegum manni með ógurleg brunasár sem lifir í felum á svæðinu. Magnþrungið andrúmsloft svífur yfir áhorfendum frá upphafi til enda í þessari einstöku blöndu af gotneskum ævintýrum fyrri alda og síðari tíma morðingjamyndum.

*This dark thriller takes place on the boundaries of reality and imagination. Real fears and horrors are shown through the eyes of a young boy, who lost his father in a mining accident and has grown apart from his mother ever since. He becomes increasingly fascinated by the tales of terror he and his friends tell each other on the way to school. There are rumours that a mad hyena has escaped from a zoo and settled nearby. Furthermore, it seems that people in the area are vanishing mysteriously. The boy suspects this is all connected to a strange man with terrible burn scars who lives in the shadows. The creepy and compelling atmosphere lingers on from beginning to end in this unique mix of old gothic fairy tale and modern horror film.*

# Hiena

---

## Hyena

---

## Hiena

**Grzegorz Lewandowski**

(POL) 2006

87 min, Digibeta



**Lewandowski** er fæddur árið 1969 í Wrocław og útskrifaðist úr Háskólanum í Sílesíu árið 1999 eftir að hafa lært leikstjórn. Hann hefur unnið sem aðstoðarleikstjóri við fjölda mynda, auk þess að hafa unnið heimildamynd og efni fyrir sjónvarp, en Hiena er fyrsta kvikmyndin sem hann leikstýrir og skrifar einn síns liðs.

**Lewandowski** was born in 1969 in Wrocław and graduated from the Silesian University in 1999, where he studied directing. He has directed for TV and worked as first director on many features, in addition to making a documentary, but Hyena is the first film he has written and directed on his own.

40 | 41

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea





Þetta nóturlega og dimma en jafnframt sterka og snildarlega drama hefur vakið athygli, lof og viðbjóð gagnrýnenda og hátíðargesta víða um heim. Hún var í keppni í Cannes nú í ár og þrátt fyrir að þykja erfið viðureignar vegna ófegraðrar framsetningar á myrkrahliðum kynlífs, niðurlægingar, lífs og dauða, hefur hún verið hyllt sem meistarastykki. Olga, hjúkka frá Úkraínu, neyðist til að yfirgefa fjölskyldu sína og leita betra lífs í vesturátt, en endar sem ræstingarkona á elliheimili í Austurríki. Paul, atvinnulaus öryggisvörður í Vínaurborg, þráir tilbreytingu, stefnir austur í fylgd stjúpföður síns og endar í Úkraínu. Hér fer tveimur sögum fram um fólk í leit að hamingju og velgengni sem neyðist til að horfast í augu við blákaldann veruleikann.

*This disturbing and dark but no less strong and skilful drama has created a stir of attention, praise and disgust from critics and festival crowds all over. It was in competition in Cannes this year and even though it may be difficult to handle due to its unpolished presentation of the dark sides of sex, humiliation, life and death, it has been hailed as a masterpiece. Olga, a nurse from the Ukraine, is forced to abandon her family and look for a better life in the West, winding up as a cleaning woman in a geriatric ward in Austria. Paul, an unemployed security guard in Vienna, is looking for a new life and heads east along with his stepfather, winding up in the Ukraine. This is a double story about people searching for happiness and success who are faced with a rough reality.*

# Innflutt útflutt

---

## Import Export

**Ulrich Seidl**

(AUT/FRA) 2006

135 min, 35mm



**Seidl** er fæddur árið 1952 í Vínaurborg í Austurríki. Hann hefur aðallega fengið við heimildamyndagerð, sem gæti útskýrt þann sérstaka raunsæisblæ sem einkennir kvikmyndir hans og hefur gjarnan ollið deilum, en í Innflutt útflutt styðst Seidl t.a.m. mikið við óreynda leikara. Þetta er önnur kvikmynd Seidl, en Dog Days (2001) hlaut m.a. dómnefndarverðlaun í Feneyjum.

**Seidl** was born in 1952 in Vienna, Austria. He has mainly been involved in documentary filmmaking, which might explain the unique and at times controversial realism of his fictional work, such as Import Export, where Seidl uses many non-professional actors. This is his second fiction film. Seidl's first feature, Dog Days (2001), won the Grand Jury Prize in Venice.





# Tímabundið frelsi

## Temporary Release

### Ledsaget udgang

**Erik Clausen**

(DK) 2007

90 min, 35mm



**Clausen** er fæddur í Danmörku árið 1942. Hann hefur skrifað, leikstýrt og framleitt kvikmyndir í rúm 25 ár og hlotið fjölda verðlauna. Myndir Clausen eru gjarnan gamansamar með félagslegum eða pólitískum undirtónum. Hann hefur einnig komið fram sem leikari og fer með aðalhlutverk John í Tímabundnu frelsi.

**Clausen** was born in Denmark in 1942. He has written, directed and produced films for over 25 years and received many awards. His films are often comedies with social or political undertones. He has also performed as an actor and plays the leading role of John in Temporary Release.

John er atvinnukrimmi á sextugsaldri sem situr inni. Sonur hans er að fara að gifta sig og John fær að mæta í brúðkaupið í fylgd fangelsisvarðar. Vörðurinn sem fenginn er til verksins hefur unnið traust fangelsisstjórans og þeir halda af stað í eftirminnilega ferð saman. Tvíeykið ferðast í gegnum skuggasund Vesterbro-hverfisins í Kaupmannahöfn þar sem John þarf að sinna leynilegum erindum. Eftir því sem sagan vindur upp á sig kemur ýmislegt í ljós í fari þessara tveggja manna – sá sem eðlilegri þykir er í raun víðs fjarri yfirborðsmyndinni og sá dæmði er kannski ekki svo slæmur eftir allt saman. Þess má geta að vörðurinn er leikinn af Jesper Asholt, sem einnig má sjá á hátíðinni í hlutverki föðurins í Listin að gráta í kór.

*John is a career criminal in his early fifties who is doing time. His son is going to get married and John is entitled to attend the wedding escorted by a prison officer. The officer is one whom the warden fully trusts and the two of them begin a memorable journey. They travel through the seedy Vesterbro-district in Copenhagen, where John has hidden agendas to attend to. As the story unfolds the two personas begin to change – the supposedly normal one is far from what he seems and the criminal may not be such a bad guy after all. As a bit of festival trivia, Jesper Asholt, who plays the officer, can also be seen in one of the films in competition – namely, as the family father in *The Art of Crying*.*

42 | 43

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea





Josef er tékkneskur bókmenntakennari sem neyðist til að setjast í helgan stein gegn vilja sínum. Í stað þess að njóta sín í friðsæld fjölskyldulífsins ákveður hann að fara í hlutastarf í stórmarkaði við að endurvinna flöskur. Í gegnum þessa breytingu tekst honum að skapa nýjan og spennandi heim en allt á kostnað eiginkonunnar Elisku sem sættir sig ekki við að missa karlinn svo glatt. Þessi ástarsaga á efri árum fjallar um margt sem erfitt er í lífinu en í bland við sérstakan húmor Sverák-teymisins verður úr einkar vel heppnuð gamanmynd um mann sem þarf að horfast í augu við ellina, hvort sem honum líkar betur eða verr. Myndin hlaut áhorfendaverðlaunin á Karlovy-Vary hátíðinni í Tékklandi í ár.

*Czech literature teacher Josef unwillingly goes into retirement. Instead of sitting back to enjoy the serenity of peaceful family life he decides to take a part-time job behind the bottle-return counter of a supermarket. Through this change he is able to create an exciting new world, but all at the cost of the relationship with his wife Eliska, who has no intention of losing touch with her husband so easily. This love story in old age dramatises many of life's difficulties, but when mixed with the unique humour of the Sverák-team it becomes an especially successful comedy about a man who needs to face old age, whether he likes it or not. The film won the audience prize at the Karlovy-Vary film festival this year.*

# Tómar

# Empties

# Vratné lahve

**Jan Sverák**

(CZ) 2007

103 min, 35mm



Þetta er lokamynd þrjúleiks feðganna **Jan** og **Zdenek Sverák** sem hófst með bernskubrekki í Elementary School (1992), sem var tilnefnd til Óskars, hélt áfram með fullorðinsárunum í Kolya (1997), sem fékk Óskar fyrir bestu erlendu kvikmynd, og lýkur nú með elliárum Empties. Jan leikstýrir verkinu en Zdenek, faðir hans, skrifar og leikur aðahlutverkið.

This marks the final instalment of father-and-son **Jan** and **Zdenek Sverák's** trilogy, which began with childhood in Elementary School (1992), nominated for an Oscar, continued into adulthood in Kolya (1997), which won an Oscar, and now finishes with retirement in Empties. Jan directs the piece whilst Zdenek, his father, writes the screenplay and plays the lead role.





Zvyagintsev vakti mikla athygli fyrir frumraun sína, *The Return* (2003), og snýr nú aftur með *Útlegð*, sem var með í keppni í Cannes þetta árið. Umfjöllunarefnið er enn fjölskyldudrama en ólíkt fyrri myndinni, þar sem fjallað var um tengsl milli föðurs og sona hans, er sjónum nú beint að hjónabandinu og sambandi manns og konu. Alex og Vera flytja úr stórborginni upp í sveit ásamt börnum sínum til að búa á fjölskylduóðali eiginmannsins. Rósemd sveitalífsins og fallett umhverfi breytist smátt og smátt í vettvang harmleiks. Myndin sækir mikinn innblástur til Tarkovsky og vinnur óspart með trúarleg stef. Þess má geta að tónlistin er að hluta eftir tónskáldið Arvo Pärt og að Vera er leikin af Marie Bonnevie sem er gestur hátíðarinnar í tengslum við Emblu Hrafns Gunnlaugssonar.

*Zvyagintsev, who gained international success with his debut film, The Return (2003), now returns with The Banishment, which premiered in competition at Cannes this year. The subject is still the family drama, but unlike its predecessor, which centred on a father and his sons, the director now focuses on the relationship between husband and wife. Alex and Vera move from the big city to the countryside with their two children. The idyllic country life and pastoral setting slowly evolve into a backdrop for tragedy. The film is inspired by the work of Tarkovsky and utilises many religious themes. The music is partly written by composer Arvo Pärt and the part of Vera is played by Marie Bonnevie, who is a guest of the festival in connection with Hrafn Gunnlaugsson's Embla.*

44 | 45

**Fyrir opnu hafi**

Open Sea

## Útlegð

# The Banishment Izgnanie

**Andrey Zvyagintsev**

(RUS) 2007

150 min, 35mm



**Zvyagintsev** er fæddur árið 1964 í Novisibirsk í Rússlandi þar sem hann lærði leiklist. Hann fluttist til Moskvu upp úr 1990 til að reyna fyrir sér í kvikmyndum og fékk smáhlutverk hér og þar. Eftir að hafa leikstýrt lítilega fyrir sjónvarp fékk hann tækifæri til að gera sína fyrstu mynd, *The Return*, sem hlaut m.a. Gullljónið í Fenejjum.

**Zvyagintsev** was born in 1964 in Novisibirsk, Russia, where he studied acting. He moved to Moscow in the early 1990s with the ambition to star in movies and received small parts here and there. After directing a little for television he got the chance to direct his first feature film, *The Return*, receiving multiple awards, including the Golden Lion in Venice.





Á tæpum fjórum áratugum hefur sænski stílsnillingurinn Roy Andersson aðeins leikstýrt fjórum kvikmyndum í fullri lengd. Þrátt fyrir að kvikmyndaunnendur hafi þurft að bíða í aldarfjórðung eftir stórmyndinni *Songs from the Second Floor* (2000) hefur biðin eftir hinu sjónræna meistaraverki, *Þið, lifendur*, verið öllu styttri, eða aðeins sjö ár. Andersson styðst að nýju við koldimman farsa til að draga fram tilvistarkreppu á skældan og súrrealískan máta. Það er ómögulegt að lýsa fléttu myndarinnar, enda allt annað en auðvelt að lýsa í fáeinum orðum þessari einkar hlutlægu, myrku og glettnu seríu fimmtíu svipmynda sem sýna stöðu mannkynsins í okkar samtíma. *Þið, lifendur* er kostuleg tragikómédía beint út úr hugarheimi eins svartsýnasta háðfugls kvikmyndalistarinnar.

*Over nearly four decades, Swedish master stylist Roy Andersson has directed just four features. While cinephiles were forced to wait almost twenty-five years for his 2000 chef-d'œuvre, Songs from the Second Floor, we have been granted the visionary You, the Living after a wait of only seven years. Andersson's latest achievement again uses farce of the darkest hue to address existential strife in an oblique and surreal fashion. A plot synopsis is impossible, unless one could easily summarize a highly subjective and darkly witty series of fifty portraits of the human race at our present moment in history. You, the Living is a triumph of tragicomedy from one of the cinema's most sardonic imaginations.*

---

## Þið, lifendur

---

You, the Living

---

Du levande

---

**Roy Andersson**

(SWE) 2007

95 min, 35mm

---



**Andersson** er fæddur árið 1943 í Gautaborg í Svíþjóð. Hann hefur leikstýrt fjölda vinsælla auglýsinga auk stuttmyndanna *Something Happened* (1987) og *World of Glory* (1991). Hin þrjú kvikmyndastórvirki leikstjórans eru *A Swedish Love Story* (1970), *Giliap* (1975) og *Songs from the Second Floor*, sem hlaut dómnefndarverðlaun í Cannes árið 2000.

**Andersson** was born in 1943 in Gothenburg, Sweden. He has directed many successful commercials and the short films *Something Happened* (1987) and *World of Glory* (1991). His other three highly acclaimed features are *A Swedish Love Story* (1970), *Giliap* (1975) and *Songs from the Second Floor*, which won a Jury Prize at the 2000 Cannes Film Festival.





# Heimildamyndir

Á elleftu stundu  
Á flugi: Játningar frjálsrar konu  
El Ejido, lögmál hagnaðarins  
Haltu kjafti og syngdu  
Helvetica  
Klaustrið  
Krakkinn minn gæti málað þetta  
Ljón innanhúss  
Moskítóvandráðin og fleiri sögur  
Stelpur rokka!  
Tryllt ást  
Umskipti  
Æði! Saga hinsegin kvikmynda-gerðar  
Öskrarar

Líkt og á liðnum árum hefur hátíðin úthlutað töluverðu dagskrárplássi til þeirrar ómótstæðilegu og tilkomumiklu grósku sem einkennir heimildamyndir samtímans. Það er enginn skortur á umfjöllunarefni í óendanlega breytilegri veröld. Þessar myndir endurspeglar umhverfið á einstakan máta og draga fram bæði bestu og verstu hliðar mannkynsins. Við sáum svo mikið af góðum og mikilvægum heimildamyndum í ár að það reyndist einkar erfitt að velja úr þær myndir sem hér eru bornar á borð. En þrátt fyrir að hafa þurft að sleppa mörgum góðum verkum er flokkurinn stærri og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Heimildamyndir hafa átt stóran þátt í því að uppfæra áhorfendur á síðastliðnum árum og við viljum tryggja að hátíðin haldi þeirri þróun við.

Hér má finna frásagnir og sjónarhorn sem erfitt er að nálgast í meginstraumnum. Þetta er frábært tækifæri til að halda í ferðalag og öðlast innsýn í raunverulegt líf og tilveru mannfólks um víða veröld. Eftir góðar viðtökur hátíðargesta í fyrra höfum við komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingar elski heimildamyndir. Það gerum við líka, vegna þess að nú á dögum er flæði sjálfstæðra og skapandi upplýsinga nauðsynlegt ef við eigum að búa í frjálsu, opinskáu og virku samfélagi. Heimildamyndir færa okkur nær raunverulegum málefnum heimsins og við trúum því staðfastlega að meðvitund um slík málefni muni bæta líf okkar allra á þessari litlu plánetu.



---

# Documentaries

- The 11th Hour (US)
- Flying: Confessions of a Free Woman (DK/US)
- El Ejido, the Law of Profit (BEL)
- Shut Up & Sing (US)
- Helvetica (US)
- The Monastery (DK)
- My Kid Could Paint That (US)
- A Lion in the House (US)
- The Mosquito Problem and Other Stories (BUL)
- Girls Rock! (US)
- Crazy Love (US)
- Metamorphosis (CHN)
- Fabulous! The Story of Queer Cinema (US)
- Screamers (UK)

---

*As in previous years, the festival has devoted a considerable space in its programme to the irresistible and impressive wealth of current documentaries. There is no lack of material in a world with endless variety. These documentaries reflect our environment in a special way and draw out both the best and worst sides of humanity. We saw so many great and important documentaries this year that it proved very difficult to decide upon the select few that are put on display here. However, even though we have left out many good works, the section is still larger and more diverse than ever before. Documentaries have played an important role in enlightening audiences in recent years and we want to be sure that the festival will continue to reflect fully this progress.*

*Here you will find stories and perspectives that are hard to get from the mainstream media. It is a great chance to go on a journey and gain insight into the existence and very real lives of fellow humans the world over. Judging from our audience's firm response to last year's selection, we reached the conclusion that Icelanders love documentaries. We do too. These days, the flow of independent and creative information becomes essential to a free, open-minded and participatory society. Documentaries bring us closer to the real issues in our world and we firmly believe that awareness of those issues will ensure a better life on our small planet.*



Eftirfarandi dómsdagsspá ætti ekki að koma mörgum á óvart: mannkynið hefur farið svo illa með umhverfið að fyrir komandi kynslóðir mun Jörðin vera óbyggileg. „Ellefta stundin“ er seinasti séns til að breyta um stefnu. Leonardo DiCaprio meðframleiðir og kynnir þessa athyglisverðu heimildamynd sem rannsakar hvernig og hvers vegna þessi stund er runnin upp með því að skoða grundvallarspurningar um nútímalífnaðarhætti, umhverfisáhrif og mögulegar lausnir sem gætu hjálpað okkur að breyta til. Myndin er að miklu leyti sett saman úr viðtölum við vísindamenn, fræðimenn og leiðtoga, auk fjölda annarra hugsuða sem skeggræða mikilvægustu málefni sem við Jarðarbúar höfum nokkurn tímann þurft að glíma við.

*The following doom-laden prediction should come as no surprise to most people: mankind's insensitive approach to the environment has gone to such extremes that the planet will soon become uninhabitable for future generations. "The 11th Hour" is the last chance to change course. Leonardo DiCaprio co-produces and hosts this interesting documentary, which investigates how and why this hour has risen by focusing on basic questions regarding modern living, environmental importance and possible solutions that could help make a change. The film is strung together by interviews with scientists, scholars and leaders, in addition to many other great thinkers who discuss some of the most important issues us humans have ever had to deal with.*

# Á elleftu stundu

---

## The 11th Hour

---

**Leila Connors Petersen & Nadia Connors**


(US) 2007

95 min, 35mm



Systurnar **Connors og Connors Petersen** eru stofnendur og stjórnendur Tree Media Group. Samstarf þeirra og DiCaprio hófst með tveimur stuttmyndum sem þær unnu fyrir vefsíðu leikarans – Global Warning (2001) og Water Planet (2004). Myndunum var svo vel tekið að þremenningarnir ákváðu að ráðast saman í þetta stóra verkefni til að leggja sitt af mörkum til umhverfisbaráttunnar.

Sisters **Connors and Connors Petersen** are the founders and directors of the Tree Media Group. Their cooperation with DiCaprio began with two short films they made for the actor's website – Global Warning (2001) and Water Planet (2004). The films were so well received that the trio decided to delve into this grand project and join forces for the environmental fight.





# Á flugi: Játningar frjálsrar konu

## Flying: Confessions of a Free Woman

**Jennifer Fox**

(DK/US) 2006

352 min, BetaSP



Fyrsta mynd **Jennifer Fox**, Beirut: The Last Home Movie (1988), hlaut alþjóðlega athygli og fjölda verðlauna. Síðan þá hefur hún komið víða við á sviði heimildamyndagerðar, en þar ber helst að nefna stórvirknið *An American Love Story* (1999) og *Á flugi: Játningar frjálsrar konu*, sem hefur farið sannkallaða sigurför um heim kvikmyndahátíða.

Sögukonan Fox leggur líf sitt berstrípað fyrir áhorfendur og notar sig og sitt nánasta umhverfi til að byggja upp ótrúlegt ferðalag heimshorna á milli til að rannsaka líf kvenna um víða veröld. Á fjórum árum ferðaðist hún til sautján landa í von um að varpa ljósi á hvernig konur kljást við ólíka þætti mannglegrar tilvistar. Búa konur yfir sérstöku tungumáli? Fyrirfinnst rauður þráður sem tengir konur þvert yfir heimskringluna? Með því að láta myndavélina ganga kvenna á milli og með nærgöngulum og hreinskilnum samræðum tekst Fox að draga fram atriði sem virða að vettugi öll mörk þjóðernis, samfélagsstöðu eða kynþáttar. Þessari stórbrotnu heimildamynd er skipt í sex hluta, sem hver um sig er klukkustundar langur.

*Storyteller Fox bares her life for the audience and uses herself and her immediate surroundings to build up an amazing journey to all corners of the Earth in order to investigate the lives of women all over the planet. During four years she travelled to seventeen countries, hoping to shed light on how women deal with different parts of human existence. Do women have a special language? Is there a red thread that connects women across the globe? By passing the camera between women and through intimate and honest conversation, Fox is able to illuminate issues that disregard all boundaries of nationality, class and race. This impressive documentary is divided into six parts, each an hour long.*

50 | 51

**Heimildamyndir**

Documentaries





# El Ejido, lögmál hagnaðarins

El Ejido, the Law of Profit

El Ejido, la loi du profit

**Jawad Rhalib**

(BEL) 2007

80 min, BetaSP



**Rhalib** er ættaður frá Belgíu og Morocco og hefur sérstakan áhuga á þeim fjölda sem flytur frá Morocco til Evrópu í leit að draumalandinu sem er ekki til. El Ejido var valin besta heimildamyndin á Ouagadougou Panafrican Film and Television Festival, stærstu kvikmyndahátíð Afríku.

**Rhalib** is of Belgian and Moroccan descent and has a special interest in the number of immigrants who leave Morocco for Europe in search of a dream that doesn't exist. El Ejido won as best documentary at the Ouagadougou Panafrican Film and Television Festival, the largest film festival in Africa.

Almeria-svæðið á Suður-Spáni framleiðir þriðjung af vetrarneyslu Evrópubúa á grænmeti og ávöxtum. Þetta er ekkert kraftaverk. Í gróðurhúsaþyrpingunni vinna um 80,000 innflytjendur í ónýtu umhverfi þar sem loftið er skemmt af skordýraeitri og grunnvatn af skornum skammti. Lögmál hagnaðarins segir frá verkamönnum í þorpinu El Ejido sem hafa ekki séð fjölskyldur sínar í fjölda ára, búa í heimagerðum kofum úr plasti og pappa og njóta engra vinnuréttinda. Áhorfendur eyða með þeim stuttri stund sem gefur ómetanlega innsýn í daglegt líf verkafólks sem stritar fyrir skít og kanil svo við hin fáum matvörunar ódýrt. Myndin er mikilvægt innlegg í umræðu um lífræna ræktun og sannskipti („fair trade“) og lifandi dæmi um hvernig þrælahald hefur ekki yfirgefið siðmenninguna, heldur aðeins skipt um yfirborðsmynd.

*The region of Almeria in southern Spain produces one third of Europe's winter consumption of fruit and vegetables. This is no miracle. Around 80,000 immigrants work in a throng of greenhouses where the air is vitiated by pesticides and ground water is running out. The Law of Profit shows workers living in the village of El Ejido without any workers' rights, who have not seen their families for years and live in homemade plastic and cardboard houses. The audience spends time with them and gets an inside view into the daily life of workers who strive for next to nothing so that we can get our food cheaply. The film is an important addition to any discussion of organic farming and fair trade and a living example of how slavery has not left civilization, only changed its facade.*





Tjáningarfrelsið er fínt, bara ekki á almannafæri, segir einn andstæðinga bandarísku kantrí-popp sveitarinnar Dixie Chicks eftir að söngkonan Natalie Maines lét þau alræmdu orð falla á tónleikum í London vorið 2003 að hljómsveitin skammaðist sín fyrir að Bush forseti væri frá Texas. Sveitin féll frá hátindi vinsældalista í Bandaríkjunum niður í fen hatursfullra deilna sem undu sífelldu upp á sig í fjölmiðlum og þrátt fyrir að eiga eitt heitasta lag landsins var þeim úthýst af útvarpsstöðvum víðast hvar. Þjóðernissinnar kölluðu þær föðurlandssvikara og eldheit andúðin á orðum Natalie gekk svo langt að henni var hótað morði. Þessi stórmerkilega heimildamynd fylgir sveitinni í gegnum erfitt tímabil og sýnir að jafnvel í landi hinna frjálsu þarf að berjast fyrir málfrelsinu.

*Freedom of speech is fine, just not in public, says one of the opponents of US country-pop group Dixie Chicks, referring to lead singer Natalie Maines' infamous comment at a London gig in spring 2003, where she stated that the band was ashamed of president Bush being from Texas. The group fell from the heights of the US charts into a swamp of hateful controversy which became a media frenzy. Boycotted by radio stations, despite a number one hit song, they were marked as traitors by flag-wavers all over. The accumulating hostility went to such extremes that Natalie was threatened with assassination. This brilliant documentary follows the band throughout the difficult period and shows that even in the land of the free, you still need to fight for your rights.*

52 | 53

Heimildamyndir

Documentaries

# Haltu kjafti og syngdu

## Shut Up & Sing

Barbara Kopple & Cecilia Peck


(US) 2006

92 min, 35mm



**Kopple** á að baki glæstan feril í heimildamyndagerð, en hún vann til Óskarsverðlauna bæði fyrir Harlan County U.S.A. (1976) og American Dream (1990). Kopple og Peck unnu saman að A Conversation with Gregory Peck (1999), en Cecilia er dóttir leikarans fræga. Hún kemur úr leiklistinni en Haltu kjafti og syngdu er í fyrsta skipti sem hún sest í leikstjórastólinn.

**Kopple** comes from a successful career in documentary filmmaking and holds two Academy Awards for Harlan County U.S.A. (1976) and American Dream (1990). Kopple and Peck worked together on A Conversation with Gregory Peck (1999), and Cecilia is the daughter of the famous actor. She comes from an acting background herself and Shut Up & Sing is her first feature as a director.





Leturgerðin „Helvetica“ ætti að vera öllum kunn sem hafa nokkurn tímann slegið inn orð á tölvu. Í raun ætti hún að vera öllum kunn sem hafa búið í borg, horft á sjónvarp, lesið blöðin. Helvetica er vinsælasta leturgerð í heimi og hún á fimmtugsafmæli nú í ár. Af því tilefni tók leikstjórinn Hustwit sig til og gerði sjálfstæða heimildamynd um upphaf, þróun og heimsyfirráð Helveticu. Myndin, sem er í senn glæsileg, áhugverð og skemmtileg, sló umsvifalaust í gegn og hefur verið í stanslausum sýningum á hátíðum víða um heim. Myndin er stútfull af líflegum viðtölum við hönnuði og brautryðjendur listarinnar sem greina til mergjar hvernig Helvetica hefur runnið saman við samtímann og umlykur okkur á alla kanta.

*The “Helvetica” typeface should be familiar to anyone who has ever typed on a computer. In fact, it should be familiar to anyone who has ever lived in a city, watched TV, read the papers. Helvetica is the most popular typeface in the world and celebrates its 50th anniversary this year. For this occasion, director Hustwit decided to make an independent documentary about the origin, rise and world domination of Helvetica. The film, which is both visually beautiful, thought-provoking and entertaining, was an immediate hit and has been screening at events and festivals the world over. The film is full of lively interviews with designers and revolutionaries who analyze and elaborate on how Helvetica has become synonymous with modern life and surrounds us on all sides.*

# Helvetica

**Gary Hustwit**

(US) 2007

80 min, Digibeta



**Hustwit** hefur framleitt fimm heimildamyndir í fullri lengd um efni á borð við hljómsveitirnar Wilco og Death Cab for Cutie og raftónlistargoðsögnina Robert Moog. Hustwit vann við pönk-útgáfuna SST Records á s.h.l. níunda áratugarins, rak sjálfstæðu bókaútgáfuna Incommunicado Press á þeim tíunda og stofnaði DVD útgáfuna Plexifilm árið 2001. Helvetica er fyrsta leikstjórnarverkefni hans.

**Hustwit** has produced five documentary features, including films about music groups Wilco and Death Cab for Cutie and legendary electronic pioneer Robert Moog. Hustwit worked with punk label SST Records in the late eighties, ran the independent book publishing house Incommunicado Press in the nineties and started the DVD label Plexifilm in 2001. Helvetica is his directorial debut.





Herra Vig er 86 ára gamall piparsveinn og eigandi gamals kastala í dönsku sveitahéraði. Hann hefur ávallt dreymt um að breyta slotinu í klaustur og nú virðist sem draumurinn muni loks rætast. Hann ferðast til Rússlands og semur við kirkjuvöldin þar um að senda hóp af nunnum til að skoða híbýlin og dæma um hvort þau séu hæf til klausturssetu. Nunnan Amvrosija fer fyrir hópnum og þær flytja inn með því skilyrði að gert verði við ýmislegt sem þykir ábótavant. Líf herra Vig hefur að mestu haldist óbreytt, fábrotið og vanafast. Þegar hin viljasterka Amvrosija mætir á staðinn með sínar eigin hugmyndir í farteskinu neyðist gamli maðurinn til að horfast í augu við að draumarnir rætast ekki alltaf eins og von er á.

*Mr. Vig is an 86-year-old bachelor and the owner of an old castle in the Danish countryside. He has long dreamt about converting the building into a monastery and now it seems that his dream will come true. After travelling to Russia and negotiating with the Russian patriarchate, a group of nuns is sent to assess whether the castle is fit to serve as a monastery. Under the leadership of Sister Amvrosija, they decide to move in on the condition that certain things will be repaired. Mr. Vig's life has been unchanging, simple and habitual, but when the decisive Amvrosija arrives with her own ideas about the monastery, the old man is forced to face the fact that dreams don't always come true the way you expect.*

## Klaustrið

# The Monastery

**Pernilla Rose Grønkjer**

(DK) 2006

84 min, BetaSP



**Pernilla Rose Grønkjer** er fædd í Danmörku 1973 og lauk námi við danska kvikmyndaskólann 1997. Hún hefur leikstýrt ýmsum heimildamyndum auk sjónvarpsefnis. Klaustrið var tilnefnd til bestu heimildamyndar á Sundance og hlaut Joris Ivens verðlaunin á IDFA.

**Pernilla Rose Grønkjer** was born in Denmark in 1973 and graduated from the National Danish Film School in 1997. She has directed various documentaries and worked for TV. The Monastery was nominated as best documentary at Sundance and won the Joris Ivens prize at IDFA.

54 | 55

**Heimildamyndir**

Documentaries





# Krakkinn minn gæti málað þetta

## My Kid Could Paint That

Amir Bar-Lev

(US) 2007

83 min, 35mm



**Bar-Lev** útskrifaðist frá Brown-háskóla árið 1994 með tvöfalda gráðu í kvikmyndagerð og trúarbragðafræðum. Hann hefur unnið ýmis störf innan geirans og gert nokkrar stuttmyndir en Krakkinn minn gæti málað þetta er önnur mynd hans í fullri lengd, á eftir Fighter (2001) sem hlaut einnig mikið lof gagnrýnenda.

**Bar-Lev** graduated from Brown University in 1994 with double majors in Film and Religious Studies. He has worked different jobs within the genre and made a few shorts, and My Kid Could Paint That is his second feature film, succeeding Fighter (2001) which also came out to great reviews.

Á nokkrum mánuðum árið 2004 skaut hin fjögurra ára gamla Marla Olmstead upp á stjörnuhimininn sem nýjasta æðið í listageiranum vestra. Allir vildu taka viðtöl við hana og hún seldi málverk fyrir meira en 300,000 dollara. Henni var líkt við smáfaxinn Kandinsky, Pollock eða Picasso og skók grunn nútíma-abstraktlistar með því að vekja upp gömlu spurninguna: Hvaða viðmið eru til staðar í myndlist þegar krakki getur málað eins og meistarnir? Stjarna Mörlu var umkringd umræðu og deilum en 60 Minutes slógu allt út með því að halda fram að faðir Mörlu hefði aðstoðað dóttur sína við verkin. Leikstjórinn Bar-Lev fylgir þessari litríku sögu á hreinskilinn hátt og leyfir áhorfendum að dæma sjálfum um listræna hæfileika Mörlu í víðara samhengi nútímamyndlistar.

*During a few months in 2004 four-year-old Marla Olmstead was skyrocketed to stardom as the latest hype in the US art scene. Everyone wanted to interview her and she sold paintings for over 300,000 dollars. She was called a pint-sized Kandinsky, Pollock or Picasso and shook the foundations of modern abstract-art by raising the old question: what standards apply for art when a kid can paint like the masters? Marla's star was surrounded by discussion and critique, but 60 Minutes dropped the bomb when they suggested that Marla's father was helping her with her work. Director Bar-Lev follows this colourful story in an honest way and lets the audience make up their own mind regarding Marla's artistic talents in the wider context of modern art.*







Þetta margverðlaunaða stórvirki gefur einstaka og ómetanlega innsýn í líf fimm krabbameinsveikra barna og baráttu hverrar fjölskyldu fyrir sig á sex ára tímabili. Áhorfendur sitja augliti til auglitis við allar þær flækjur og tilfinningar sem fylgja ferlinu í mynd sem lætur engan ósnortinn og hefur hlotið frábæra dóma fyrir hreinskilni, samúð og ótvíræðan kraft í frásögn og meðhöndlun leikstjórnanna á sérstaklega erfiðu söguefni. Sagan er rakin frá því að börnin eru fyrst greind með sjúkdóminn, í gegnum öll stig meðferðarinnar og allt fram til leiksloka, þar sem bæði má finna sáran missi og gleðilega lífsbjörg. Kjarna verksins mynda sannkallaðar hetjur – fimm sterk og þrautseig börn sem þurfa að upplifa meira en flestir á heilri ævi.

*This award-winning documentary epic gives unique and invaluable insight into the lives of five children and their families as they battle pediatric cancer over a six-year period. The audience is brought face to face with all the emotions and complexities of the process in a film that leaves no one untouched and has received critical acclaim for its honest, compassionate and immensely powerful portrayal and delicate handling of an exceptionally difficult subject matter – from when the children are first diagnosed with the illness and all the way to the end, where both terrible loss and joyous recovery await. The core of the film is made up of five real heroes – strong and resilient children who have to experience more than most people do in a lifetime.*

56 | 57

**Heimildamyndir**

Documentaries


# Ljón innanhúss

## A Lion in the House

**Julia Reichert & Steven Bognar**

(US) 2006

230 min, Digibeta



**Reichert** og **Bognar** eru gestir hátíðarinnar og munu svara spurningum á sérstökum sýningum. Þau hafa átt vinsældum að fagna bæði saman og sitt í hvoru lagi, en heimildamyndir þeirra hafa unnið til fjölda verðlauna og m.a. verið sýndar í sjónvarpi víða um heim. Reichert hefur tvisvar verið tilnefnd til Óskarsverðlauna.

**Reichert** and **Bognar** are guests of the festival and will answer questions at selected screenings. They have both had successful careers, working together and separately, with documentaries that have won numerous awards and have been televised worldwide. Reichert is a two time Oscar nominee.





# Moskító- vandráðin og fleiri sögur

## The Mosquito Problem and Other Stories

**Andrey Paounov**

(BUL) 2007

100 min, BetaSP



**Paounov** fæddist í Sofíu, Búlgaríu árið 1974 og útskrifaðist úr kvikmyndaháskólanum í Sofíu árið 2000. Fyrsta heimildamynd hans, *Georgi and the Butterflies* (2004), vann til fjölda verðlauna og var sýnd á yfir 50 kvikmyndahátíðum um allan heim.

**Paounov** was born in Sofia, Bulgaria, in 1974 and graduated from the National Academy of Theatre and Film Arts in Sofia in 2000. His first documentary feature, *Georgi and the Butterflies* (2004), won numerous awards and was presented at over 50 film festivals worldwide.

Í smábænum Belene við bakka Dónár í Búlgaríu leynist ýmislegt forvitnilegt, þar sem ofvaxnar og árásargjarnar moskítóflugur eru óaðskiljanlegur þáttur daglegs lífs. Íbúarnir hafa ólík ráð við árásunum og eru glaðlyndir vegna yfirvofandi kjarnorkuvers sem virðist ætla að bæta úr atvinnuleysinu. Litríkar og á köflum sérviskulegar persónur veita mynd Paounovs einstakan blæ og bærinn lifnar við fyrir augum áhorfenda, sem fá að líta við í eftirminnilega heimsókn án þess að lenda í moskítóvandráðunum er myndin dregur nafn sitt af. En líkt og flugnaskýin svífa yfir bænum má sjá skugga fortíðar sveima um strætin eftir því sem kafað er dýpra undir yfirborð Belene og í ljós koma erfiðar minningar um ógurlega glæpi frá tímabili sem flestir vilja gleyma.

*In the small Bulgarian town of Belene by the banks of the Danube, where gigantic stinging mosquitoes are an inseparable part of daily life, there are many curiosities to be found. The inhabitants have different ways of fighting the flies and are joyful in the hope that the impending nuclear power plant will bring a solution to the unemployment problem. Colourful and at times eccentric characters fill Paounov's film with a unique charm as the town comes alive for the audience, providing a memorable visit without any mosquito bites. But like the dark clouds of flies swarming the town, the shadows of a terrible past looming in the streets are brought to light as the film delves deeper into a difficult history that most people would like to forget.*





Tónlist! Kraftur! Bylting! Í rokkbúðunum í Portland, Oregon, fá stúlkur á aldrinum 8-18 ára að spila á hvaða hljóðfæri sem er, stofna hljómsveit, semja lag og leika á tónleikum – allt á einni viku. „Stelpur rokka“ er ekki bara auglýsingaslagorð fyrir búðirnar, heldur meðvitað mótsvar við Britney Spears og öllum þeim Mtv-poppbylgjum sem vilja steypa stúlkum í sama farið. Yfirlýst takmark búðanna er að ögra staðalímyndum um kynhlutverk og skapa uppbyggjandi umhverfi þar sem stelpur fá hvíld frá áreiti samfélagsins og útrás fyrir að vera þær sjálfar. Þessi upplífandi heimildamynd fylgir nokkrum stúlkum í gegnum búðirnar og sýnir hvernig þær komast í kynni við nýjar hugmyndir, takast á við ýmis vandamál og – síðast en ekki síst – rokka af lífi og sál.

*Music! Power! Revolution! At the rock camp in Portland, Oregon, girls ages 8-18 can play any instrument they want, start a band, write a song and perform it live – all in one week. “Girls Rock” isn’t just a slogan for the camp, but an intentional counterattack to Britney Spears and all the waves of Mtv-pop that want to shape girls in the same mould. The camp’s manifesto is to defy gender stereotypes and create a constructive environment where girls get a rest from the harassment of society and a chance to be exactly who they are. This uplifting documentary follows a number of girls through their time at the camp and shows how they get in touch with new ideas, struggle with different problems and – last but not least – rock with all their might.*

# Stelpur rokka!

---

## Girls Rock!

---

**Arne Johnson & Shane King**

(US) 2007

86 min, Digibeta



Leikstjórnarnir **Johnson** og **King** hafa þekkt síðan í barnæsku og gerðu fyrstu myndina saman sem smástrákar. Í sitt hvoru lagi hafa þeir komið víða við, en Stelpur rokka! er fyrsta myndin sem þeir leikstýra saman í fullri lengd. Þess má geta að Arne Johnson er af íslenskum ættum, en langamma hans var skáldkonan Jakóbína Johnson.

Directors **Johnson** and **King** have known each other since childhood and made their first film together in the 7th grade. Separately they have taken part in various projects, but Girls Rock! is their first co-directed feature. As a side note it should be mentioned that Johnson is of Icelandic origin, and his great-grandmother was poet Jakóbína Johnson.

58 | 59

**Heimildamyndir**

Documentaries





Tryllt ást fjallar um furðulegt samband sem hófst fyrir hálfri öld þegar Burt Pugach varð yfir sig ástfanginn – eða heltekinn – af hinni ungu og fríðu Lindu Riss. Eftir að hún hafnaði honum og ákvað að giftast öðrum manni varð Burt sjúklega afbrýðisamur. Hann réði þrjá menn til að skvetta á hana vítissóða, sem varð til þess að hún blindaðist og afskræmdist í framan. Burt var dæmdur í fangelsi og málið varð að fjölmiðlafári. En sögunni lýkur ekki þar. Þegar Burt slapp úr fangelsi 14 árum síðar bað hann Lindu að giftast sér – og hún játaði. Tryllt ást er tragísk og geðsjúk ástarsaga sem ekki er hægt að skálda, sögð í gegnum viðtöl við parið ásamt miklu af upprunalegu myndefni.

*Crazy Love tells of a strange relationship that began half a century ago when Burt Pugach became infatuated – or obsessed – with the young and beautiful Linda Riss. After she rejected him and decided to marry another man, Burt became insanely jealous. He hired three men to throw lye in Linda's face, blinding and disfiguring her. Burt was sent to prison and the affair created a media frenzy. But that's not the end of the story. After being released 14 years later, Burt asked Linda to marry him – and she said yes. Crazy Love is a tragic and insane love story that you can't make up, told through interviews with the couple and a plethora of archival footage.*

# Tryllt ást

---

## Crazy Love

**Dan Klores**


(US) 2007

92 min, 35mm



**Dan Klores** hefur framleitt og leikstýrt fjórum verðlaunuðum heimildamyndum á síðastliðnum fimm árum og er að vinna að sinni fimmtu mynd um þessar mundir. Framleiðandinn og meðleikstjórinn Fisher Stevens er líklega betur þekktur sem leikari og íslenskum áhorfendum minnstæður fyrir hlutverk sitt í Á köldum klaka (1995).

**Dan Klores** has directed and produced four award-winning documentaries in the last five years and is currently working on his fifth film. Producer and co-director Fisher Stevens is perhaps best known for his acting career and memorable to Icelandic audiences for his role in Cold Fever (1995).





Samkvæmt tölfræði frá árinu 2003 vill að meðaltali ein af hverjum 4,600 manneskjum í Kína gangast undir aðgerð til að leiðrétta kyn sitt. Það eru í heild um 280 þúsund manns. Ríkisrekin sjúkrahús í stærri borgum hafa boðið upp á kynleiðréttingaraðgerðir síðan 1986 og um 400 manns hafa látið þennan draum sinn rætast. Þrátt fyrir að fólk geti formlega breytt um kyn á pappírnum þurfa þau engu að síður að mæta mikilli andstöðu frá samfélaginu og hefðarveldinu. Helsta ósk þeirra er að mæta skilningi. Þessi heimildamynd segir frá þremur manneskjum sem hafa breytt um kyn, en líf þeirra endurspeglar tilveru annara sem búa við sömu aðstæður í Kína og eru hluti af samfélagshópi sem verðskuldar ekki aðeins viðurkenningu heldur einnig virðingu.

*According to medical statistics from the year 2003, an average of one in 4,600 people in China wants to have a sex change, which is about 280,000 people. With state owned hospitals in big cities offering private sex change operations since 1986, about 400 people in China have made this dream come true. Although they can officially change the sex on their ID cards, they still face immense pressures from society and tradition. Their greatest desire is to be understood. This documentary is about three transsexuals, whose lives and desires reflect those of others in their community in China, a community that deserves not only acceptance but also respect.*

60 | 61

**Heimildamyndir**

Documentaries

# Umskipti

---

## Metamorphosis

---

**Ling Fei**

(CHN) 2006

53 min, Digibeta



**Ling Fei** er fæddur í Beijing árið 1953. Hann hefur unnið sem atvinnufréttaljósmyndari í París síðan 1990 fyrir alls kyns blöð en í Umskiptum sest hann í fyrsta skipti í leikstjórnarstólinn.

**Ling Fei** was born in Beijing in 1953. He has worked as a professional press photographer in Paris since 1990 for various publications, but *Metamorphosis* marks his first time in the director's chair.





# Æði! Saga hinsegin kvikmynda- gerðar

## Fabulous! The Story of Queer Cinema

**Lisa Ades & Lesli Klainberg**

(US) 2006

81 min, Digibeta




**Klainberg** er eigandi Orchard Films framleiðslunnar og hefur framleitt og leikstýrt fjölda frumlegra heimildamynda, á borð við *In The Company of Women* (2004) og *Who Is Alan Smithee?* (2002). Ades og Klainberg hafa unnið saman að ýmsum verkefnum, en seinast gerðu þær sjónvarpsræðuna *Indie Sex* (2007) fyrir IFC.

**Klainberg** is the owner of Orchard Films production and has produced and directed a number of interesting documentaries, such as *In The Company of Women* (2004) and *Who Is Alan Smithee?* (2002). Ades and Klainberg have co-operated on many projects, the latest of which is the television series *Indie Sex* (2007) for IFC.

Hinsegin kvikmyndagerð hefur breyst mikið á seinustu sextíu árum. Samkynhneigt söguefni hefur gjarnan verið fast á jaðri tilraunamynda eða vandlega falið undir yfirborði meginstraumsins en á síðari árum hefur það náð alla leið inn í miðja Hollywood-vélina. Þessi áhugaverða heimildamynd rekur sögu hinsegin kvikmynda frá *Fireworks* (1947) eftir Kenneth Anger fram til *Brokeback Mountain* (2005) eftir Ang Lee. Mörg þekktustu andlit bransans koma fram ásamt því að sýnd eru brot úr yfir tuttugu myndum sem sýna fram á hvernig tilraunaglaðir útlagar síðustu aldar hafa rutt brautina til Óskarsverðlauna og viðurkenningar samtímans. Myndin skoðar menningarlegt, pólitískt og samfélagslegt umhverfi sögu hinsegin kvikmyndagerðar á líflegan, skemmtilegan og fræðandi hátt.

*Queer filmmaking has changed a lot in the last sixty years. Gay subjects have commonly been stuck in the underground of experimental movies or remained carefully hidden under the mainstream surface but in later years they have travelled to the heights of the Hollywood-machine. This interesting documentary traces the story of queer cinema from Kenneth Anger's *Fireworks* (1947) to Ang Lee's *Brokeback Mountain* (2005). Interviews with key people from the queer field are presented along with clips from two dozen films in order to showcase the development from the experiments of groundbreaking outlaws to contemporary Oscar-winning recognition. The film looks at the cultural, political and social importance of queer cinema in a lively, entertaining and enlightening way.*





Hver man eftir Armenum, spurði Hitler áður en lagt var út í frægasta þjóðarmorð 20. aldarinnar. Hljómsveitin System Of A Down man eftir þeim en meðlimir hennar eru afkomendur fórnarlamba þjóðarmorðs Tyrkja á Armenum árið 1915 sem hefur enn ekki verið viðurkennt af tyrkneska ríkinu. Mörg stærstu ríki heims eru þöglir þátttakendur og neita að tala um atburðinn – þ.á m. Bandaríkin og Bretland – en Ísland hefur aldrei tekið afstöðu. Öskrarar er blanda af tónleikamynd og pólitískri heimildamynd um málefni sem fær sjaldan athygli. Boðskapurinn á sérstakt erindi við samtímamann vegna þess að svipuð fjöldamorð eiga sér nú stað í Darfur og við ættum öll að brjóta þögnina og byrja að öskra. Ef við gleymum því liðna munu voðaverkin endurtaka sig.

*Who remembers the Armenians, asked Hitler before embarking on the most famous genocide of the 20th century. Band members from System Of A Down remember, descendants of victims of the Armenian genocide in 1915 – an event that is still rejected by the Turkish state. Many of the largest countries in the world are silent partners and refuse to acknowledge it – including both the US and UK – and Iceland has never taken a stand. Screamers is a mixture of concert film and political documentary about an issue that rarely gets attention. This issue is especially relevant now because of the current massacre in Darfur – something we should all be screaming about. If the past is forgotten, the atrocities will repeat themselves.*

# Öskrarar

---

## Screamers

**Carla Garapedian**

(UK) 2006

94 min, 35mm



**Garapedian** vann sem leikstjóri og kynnr hjá BBC áður en hún sneri sér að gerð pólitískra heimildamynda á borð við Zarmina: Lifting the Veil, Children of the Secret State og My Friend the Mercenary. Auk þess starfaði hún með J.M. Hagopian að Voices from the Lake og Germany and the Secret Genocide, sem fjalla einnig um armeníska þjóðarmorðið.

**Garapedian** worked as director and anchor for the BBC before going on to make political documentaries such as Zarmina: Lifting the Veil, Children of the Secret State and My Friend the Mercenary. She also co-operated with J.M. Hagopian on Voices from the Lake and Germany and the Secret Genocide, also about the Armenian genocide.

62 | 63

**Heimildamyndir**

Documentaries

# Mannréttindi: Írak

Hinsta ferð  
Írak í brotum  
Mótstöðu mætt  
Skuggasveitir

Eftir **Davíð Loga Sigurðsson**, blaðamann

Það er ekki hlaupið að því að vera vestrænn fjölmiðlamaður í Írak í dag. Eiginlega er það alveg útilokað – nema menn stundi svokallaðan „hótel-júrnalisma“, sitji inni á hóteli og skrifi svo fréttir upp úr því sem íraskir hjálparkokkar draga heim í bú.

Á fyrstu mánuðum og misserum eftir að Bandaríkjamenn réðust inn í landið gátu vestrænir blaðamenn þó enn gengið um götur Bagdad, jafnvel hitt andspyrnumenn líkt og þau Molly Bingham og Steve Connors gerðu, en afrakstur þeirra samtala ber fyrir augu í myndinni Mótstöðu mætt. Molly og Steve eru fréttafólk, Steve hefur langa reynslu af störfum á átækusvæðum og Molly kann sitt fag einnig, hún varð raunar þess vafasama heiðurs aðnjótandi að fá að dúsa nokkra daga á bakvið rímlana í Abu Ghraib-fangelsinu á síðustu valdadögum Saddams. Fyrir þremur árum síðan veitti hún mér ómetanlega aðstoð við skipulagningu heimsóknar til Bagdad og það verður ánægjulegt að fá tækifæri til að sýna henni smá gestrisni ... á öllu friðsælli stað, í henni Reykjavík.

Írak í brotum – mynd James Longley, sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna fyrir á þessu ári – er allt annars konar heimildarmynd. Þar eru fréttirnar ekki í forgrunni þó að ástandið í Írak sé vitaskuld alltaf í bakgrunninum. Myndin er meira listaverk, svona lýsing á lífi fólksins, frámunalega vel mynduð.

Hinsta ferð og Skuggasveitir eru hefðbundnari heimildarmyndir, byggja ekki á frummyndatöku á vettvangi að sama marki og Meeting Resistance og Iraq in Fragments en þær eru sannarlega áhugaverðar engu að síður.

Í Skuggasveitum er rakin saga málaliða, fyrrverandi hermanna sem ráða sig til starfa hjá hæstbjóðanda fyrir fé. Tugir þúsunda slíkra manna er við störf í Írak í dag – Bandaríkjamenn hafa að hluta til „útvistað“ stríðsrekstur sinn í landinu með þessum hætti – og áhugavert að heyra sjónarmiðum varðandi þá þróun. Hin sögulega samantekt í myndinni gefur umfjölluninni hins vegar mikið gildi einnig.

Hinsta ferð er ógnvænleg samantekt á mannréttindabrotum í fangelsum Bandaríkjamanna í Afganistan, Írak og Guantanamo. Uppleggið er dauði leigubílstjórans Dilawar í Bagram-fangelsinu í Afganistan 2002 en Dilawar – sem var saklaus af öllum þeim meintu glæpum sem hann átti að hafa framið – var misþyrmt svo illa við yfirheyrslur að hann dó. Myndin er merkileg að því leyti að rætt er við hermennina sem tóku þátt í yfirheyrslunum yfir Dilawar. Afraksturinn er áfellsdómur yfir þeim aðilum ofar í fæðukeðjunni sem sendu ungu mennina á vettvang og fólu þeim að fremja slík voðaverk, en hafa sjálfir algerlega sloppið við að sæta nokkurri ábyrgð.

Myndirnar fjórar eru skemmtilega ólíkar að upplagi og inntaki – meginniðurstaða þeirra er hins vegar sú sama. Það er víða pottur brotinn í rekstri Bandaríkjustjórnar á hinu svonefnda stríði gegn hryðjuverkum.



---

# Human Rights: Iraq

- Taxi to the Dark Side (US)
- Iraq in Fragments (US/IRQ)
- Meeting Resistance (US)
- Shadow Company (CAN)

---

By **Davíð Logi Sigurðsson**, journalist

---

*It's not easy being a western journalist in Iraq today. In fact, it's almost impossible – unless you do the “hotel-journalism”, which means sitting in hotel rooms writing news Iraqi assistants bring to you.*

*During the first months after the US occupation western journalists were able to walk the streets of Bagdad, even meet up with militants, like Molly Bingham and Steve Connors did. Their conversations with those people are the subject of the film Meeting Resistance. Molly and Steve are reporters, Steve has considerable experience working in danger zones and Molly actually managed to be put in the notorious Abu Ghraib prison during Saddam's last days of power. Three years ago she assisted me when planning my visit to Bagdad and it will be a pleasure to welcome her... to a more peaceful place, that is Reykjavik.*

*Iraq in Fragments – a film by James Longley, nominated for an Oscar earlier this year, is a completely different documentary. The news is not at the forefront although the situation in Iraq is always in the background. The film is a piece of art, shedding light on the lives of the people who live there.*

*Taxi to the Dark Side and Shadow Company are more conventional documentaries. They don't rely on first hand footage to the same extent as Meeting Resistance and Iraq in Fragments. Nevertheless, these are certainly interesting films.*

*Shadow Company is the story of mercenaries. Thousands of them sell their services in Iraq today – the US has partly “outsourced” their war efforts in this manner – and it is interesting to see a point of view depicting this development. Furthermore, the film's historical side gives it added value.*

*Taxi to the Dark Side is a horrifying account of human rights violations taking place in US-run prisons in Afghanistan, Iraq and Guantanamo. The death of a taxi driver in Bagram prison in Afghanistan in 2002 is the focus of the story. The innocent taxi driver was beaten to death while being interrogated. The interrogators are interviewed but the film blames those higher up, who order such jobs but never take responsibility.*

*The four films in this category are very different from one another – the conclusion, however, is the same: The war on terror fought by the United States of America is seriously flawed.*



Hinsta ferð er morðgáta sem teygir anga sína frá Afghanistan til Washington, römmuð inn í frásögn af óhuggulegu dauðsfalli leigubílstjóra sem lést eftir aðeins fimm daga í varðhaldi hjá Bandaríkjaher í Bagram-fangelsi árið 2002. Út frá þessu máli er þróun pyntinga á vegum Bandaríkjanna síðustu ár tekin til athugunar, allt frá Afghanistan til Írak og Guantanamo-flóa. Myndin beinir spjótum sínum að valamönnum hersins þar sem ábyrgðin liggur aldrei hjá þeim hæst settu og hinum lágt settu er refsað á meðan kerfið helst óbreytt. Með fjölda viðtala og vopnaður sláandi myndefni dregur Gibney skuggahliðar mannkyns fram í sviðsljósið og veltir fram grundvallarspurningum um mannréttindi þegar þau lenda í klónum á skilgreiningarflækjum og málalengingum – allt á kostnað fanga sem verða fyrir barðinu á „mannúðlegum“ pyntingum.

*Taxi to the Dark Side is a murder mystery which takes us from Afghanistan to Washington, framed by the story of the disturbing death of a taxi driver who passed away in Bagram-prison in 2002 after five days in U.S. custody. From there, the evolution of U.S. policies on torture is put under review, from Afghanistan to Iraq and Guantanamo. The film addresses the faults in a chain of command where responsibility never leads upwards and low-ranking soldiers are punished while the system remains the same. Through a number of interviews and armed with shocking footage, Gibney brings forth the dark sides of humanity and poses basic questions regarding human rights when they are thrown into a complex mix of definitions and political jargon at the cost of prisoners becoming victims of “humane” torture.*

## Hinsta ferð

# Taxi to the Dark Side

**Alex Gibney**

(US) 2007

105 min, BetaSP



**Alex Gibney** á að baki langan feril í heimildamyndagerð, hefur hlotið ýmsar tilnefningar og verðlaun, en er líklega þekktastur fyrir Enron: The Smartest Guys in the Room (2005). Hinsta ferð hlaut aðalverðlaun í flokki heimildamynda á Tribeca-hátíðinni í ár.

With a long career in documentary filmmaking behind him, Alex Gibney has numerous nominations and awards under his belt and is perhaps best known for Enron: The Smartest Guys in the Room (2005). Taxi to the Dark Side won Best World Documentary at the Tribeca Film Festival this year.





# Írak í brotum

---

## Iraq in Fragments

**James Longley**

(US/IRQ) 2006

93 min. 35mm



**James Longley** fæddist árið 1972 í Oregon-fylki Bandaríkjanna. Hann lagði stund á rússnesku og kvikmyndafræði áður en hann hélt til Moskvu að læra kvikmyndagerð við Rússnesku Kvikmyndamiðstöðina (VGIK). Írak í brotum er önnur heimildarmynd hans í fullri lengd en hann hafði áður gert myndina Gaza-svæðið (Gaza Strip) árið 2001.

Írak í brotum sýnir líf í stríðshrjáðu landi frá þremur sjónarhornum. Í fyrsta hluta myndarinnarkynnumst við 11 áramunaðarlausum dreng í Bagdad sem vinnur á bílaverkstæði og hræðist veruleikann sem hann býr við. Í öðrum hluta sjáum við þá pólitísku ólgu sem tók við eftir innrás Bandaríkjahers, þar sem múslimskir öfgamenn úr röðum Sjíta reyna að taka völdin af Súnitum sem hafa stjórnað Írak í fleiri hundruð ár. Í lokahlutanum kynnumst við bændafjölskyldu í Kúrdistan, en Kúrdar eru hugsanlega þeir einu sem „njóta góðs“ af ástandinu. Myndin er ljóðræn og nánast trúarleg á köflum, full af óbeinum vísunum í Dickens og Shakespeare. Írak í brotum var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmynd ársins 2007 og hefur jafnframt unnið fjölda verðlauna á hátíðum á borð við Sundance og Full Frame Documentary Film Festival.

*Iraq in Fragments is a triptych of life in a war-ridden country. In the first part we follow an 11-year-old orphaned garage worker in Baghdad who fears the world he lives in. In the second part we are presented with the political uproar that followed the U.S. army invasion as extremist Shiites see that the moment has come to take action against the Sunnis, who have ruled the country for hundreds of years. The film's final part revolves around a family of farmers in Kurdistan, which is perhaps the only region of Iraq where "peace" still reigns. The film is poetic, religious and brimming with subtle allusions to Dickens and Shakespeare. Iraq in Fragments received an Academy Award nomination as best documentary of 2007, won several awards at the Sundance Film Festival and the Grand Jury Prize at the Full Frame Documentary Film Festival.*

66 | 67

**Mannréttindi:**  
**Írak**

Human Rights:  
Iraq

The American **James Longley** was born in Oregon in 1972. He studied Russian and Film before heading to Moscow where he studied film-making at the All-Russian Institute of Cinematography (VGIK). Iraq in Fragments is Longley's second full-length documentary, following Gaza Strip which he made in 2001.



Hér komast áhorfendur í kynni við ólíka íbúa Adamiyah-hverfisins í Baghdad sem hafa tekið sér það fyrir hendur að berjast af sjálfsdáðum gegn setuher Bandaríkjana og samherja þeirra eftir innrásina í Írak. Myndin segir frá fólki úr ýmsum stéttum samfélagsins sem eru á einn eða annan hátt virk í baráttunni, hvort sem um ræðir beinar árásir á hermenn eða óbeinan stuðning á borð við vopnaflutninga. Kennarinn, eiginkonan, ferðalangurinn, flóttamaðurinn – allar þær persónur sem eru beintengdar uppreisninni koma fram nafnlausar með dulin andlit og fá tækifæri til að lýsa sinni hlið málsins blygðunarlaust. Leikstjórnarnir Bingham og Connor eru bæði reyndir fréttaljósmyndarar og hefur tekist að fá innsýn í heim uppreisnarfólks sem hefur hingað til verið vestrænum áhorfendum lokuð bók.

*Here we are presented with numerous inhabitants of the Adamiyah neighbourhood of Baghdad who have taken it upon themselves to fight independently the occupation army in post-invasion Iraq. These are people from different parts of society who are, in one way or another, active insurgents, either directly involved in attacks on soldiers or indirectly involved, e.g. through weapons' trafficking. The teacher, the wife, the traveller, the fugitive – all the characters directly connected with the insurgency appear nameless and faceless, thus able to describe unreservedly their side of the matter. Bingham and Connors are both experienced photo journalists who have succeeded in providing insight into a world that has hitherto been kept safely hidden from Western viewers.*

# Mótstöðu mætt

---

## Meeting Resistance

**Molly Bingham & Steve Connors**


(US) 2007

84 min, Digibeta



**Bingham og Connors** eru bæði atvinnufréttamenn sem eiga að baki langan feril í blaðamennsku og vinnu á hættusvæðum. Þau leiddu saman hesta sína í ágúst 2003 með það fyrir stafni að gera heimildamynd um fólkið sem stóð á bakvið uppreisnarofbeldið eftir innrásina í Írak. Þetta er fyrsta kvikmyndin þeirra.

**Bingham and Connors** are both professional reporters and come from a long background of journalism and working in danger zones. They joined forces in August 2003 in order to create a documentary about the people involved in the insurgency following the Iraq invasion. This is their first film.





Málaliðar hafa loðað við stríð frá upphafi siðmenningar en með tilkomu staðfastra ríkisherja er gjarnan litið svo á að hugtakið heyri fortíðinni til. Það kemur því mörgum á óvart að heyra að í Írak eru um 20 þúsund málaliðar að störfum – eða öllu heldur starfsmenn einkarekinna herfyrirtækja, eins og komist er að orði nú á dögum. Skuggasveitir hefur fengið óspart lof gagnrýnenda, einkum og sér í lagi vegna hlutlausrar umfjöllunar um flókið efni, en þar er sýnd hlið á Írak sem sjaldan er varpað ljósi á. Varpað er fram spurningum um breytta ímynd stríðs í samtímanum, velt fyrir sér siðferðislegum málefnum þegar fyrirtæki í gróðaleit eru orðin virkir stríðspáttakendur og rætt við ýmsa sem að efninu koma – ekki síst málaliðana sjálfa.

*Mercenaries have always been a part of warfare but with the rise of standing government armies the concept seems to be a subject of the past. Therefore it might come as a surprise to many that in Iraq there are currently around 20 thousand mercenaries at work – or private military contractors, as they are referred to nowadays. Shadow Company has received laudatory reviews from critics, particularly due to its neutral coverage of a complex subject, where a rarely seen side of Iraq is highlighted. The film poses questions regarding the changing rules of war and the ethical problems associated with profit-motivated military corporations through interviews with many people involved – including the mercenaries themselves.*

# Skuggasveitir

---

## Shadow Company

**Nick Bicanic & Jason Bourque**

(CAN) 2006

86 min, Digibeta



Skuggasveitir er fyrsta mynd Bicanic í fullri lengd en hann vann lengi við nýmiðlun og tölvutækni áður en hann sneri sér að kvikmyndagerð. Þar kynntist hann Bourque sem hefur gert stuttmyndir, heimildamyndir og sjónvarpsmyndir auk fjölda auglýsinga.

Shadow Company is Bicanic's first feature, but he worked in new media and technology for a long time before turning to filmmaking. There he met Bourque, who has directed short films, documentaries, TV movies and many commercials.

68 | 69

**Mannréttindi:**  
**Írak**

Human Rights:  
Iraq



# Sjónarrönd: Spánn

Campillo, já  
Dökkblárnæstumsvartur  
Ég  
Járnbrautarstjörnur

Í ár er nýrri spænskri kvikmyndagerð gefinn sérstakur gaumur í dagskrá sem inniheldur fjóra spænska titla – blöndu af leiknum myndum og heimildarmyndum.

Kvikmyndaleikstjórinn **Baltasar Kormákur** er hálfspænskur og mikill áhugamaður um spænska kvikmyndagerð. Hann hefur fylgst með hinni miklu grósku í spænskum kvikmyndum á síðustu áratugum: „Allt frá því að Franco lést hefur kvikmyndagerð á Spáni verið að springa út. Stuttu síðar komu fram meistarar eins og Pedro Almodóvar sem hafa rutt brautina fyrir spænska kvikmyndagerð í nútímanum.“

## Hvað einkennir spænska kvikmyndagerð?

„Spænskar kvikmyndir hafa í öllu falli ekki einkennst af félagslegu raunsæi sem hefur verið áberandi hjá öðrum Evrópuþjóðum. Þær eru ekki jafnhlutbundnar og að mörgu leyti mun listrænni; leyfa sér ýmislegt í frásögn sem maður sér ekki annars staðar. Þá eru Spánverjar ekki hræddir við að vinna með hefðina – flamenco dansinn er gott dæmi. Mér þætti gaman að sjá íslenska mynd þar sem þjóðdansarnir léku stórt hlutverk!“



---

# Horizon: Spain

- Campillo, Yes, I do (ESP)
- DarkBlueAlmostBlack (ESP)
- Me (ESP)
- The Railroad Allstars (ESP)

---

This year, new Spanish cinema is highlighted especially in this programme which includes four Spanish titles—a mixture of fiction and documentary films.

Crystal Globe winner **Baltasar Kormákur** (101 Reykjavík, Jar City) is half Spanish and very interested in Spanish films. He has noticed an upsurge in Spanish filmmaking: “Ever since Franco died Spanish cinema has been quietly exploding onto the international scene with filmmakers such as Pedro Almodóvar and his followers.”

## **Do Spanish films share any traits?**

*“Spanish films are not based in the social realism which other European nations have cherished. Their films are more abstract and in many ways much more artistic – they allow themselves more freedom in narration for example. The Spanish are not afraid to work with tradition; you will see flamenco in many Spanish films. In this way they differentiate themselves – I’d like to see the Icelandic national dances in our films!”*



---

# Campillo, já

---

## Campillo, Yes, I do

---

## Campillo, sí, quiero

---

**Andrés Rubio**

(ESP) 2007

80 min, BetaSP



**Andrés Rubio**, fæddur 1962, er spænskur blaðamaður sem hefur unnið fyrir dagblaðið El País og tímaritin El País Semanal, La Repubblica delle Donne, Bauwelt og Architecture. Campillo, já er fyrsta kvikmynd hans.

**Andrés Rubio**, born in 1962, is a Spanish journalist, who has contributed to the newspaper El País and the magazines El País Semanal, La Repubblica delle Donne, Bauwelt and Architecture. Campillo, Yes, I Do is his first film.

Í júní 2005 voru samþykkt lög á Spáni sem veita samkynhneigðum pörum sömu réttindi og gagnkynhneigðum, þ. á m. rétt til ættleiðingar. Ákveðin hægrisinnuð borgaryfirvöld (s.s. í Valladolid) neituðu að fylgja þeim eftir en bæjarstjórinn Francisco Maroto sá tækifæri til að auðga mannlífið í afskekkt smáorpi Campillo de Ranas. Íbúum hefur stöðugt verið að fækka þar síðastliðin ár en nú er þorpið komið aftur á kortið. Mikið af samkynhneigðum pörum mæta í sveitasæluna til að gifta sig og Maroto er orðinn nokkurs konar hetja á svæðinu. Þessi heimildamynd sýnir hversu auðvelt það getur verið að aðlagast breytingum og leyfir áhorfendum að fylgjast með eins og fluga á vegg hvernig lífið gengur sinn vanagang í samfélagi þar sem allir eru velkomnir.

*In June 2005 a law was passed in Spain that grants homosexual couples the same rights as heterosexual ones, including the right to adopt. Certain right-wing city councils (e.g. in Valladolid) refused to follow through with the act, but Mayor Francisco Maroto saw an opportunity to enrich the population in his rural small town of Campillo de Ranas. Residents have been emigrating en masse in recent years, but now the town is back on the map. Many gay couples come to the quaint pastoral village to get married and Maroto has become something of a local hero. This documentary shows how easy it can be to adapt to change and lets the audience enter the town like a fly on the wall to watch how life goes on in a community where everyone is welcome.*







Skrítinn titill myndarinnar vísar til jakkafata sem aðalpersónuna Jorge dreymir um að kaupa sér. Hann hefur þurft að láta allar framtíðaráætlanir bíða á meðan hann hugsar um veikan föður sinn. Bróðir hans er í fangelsi og Jorge eyðir dögnum með besta vini sínum, Israel. Hann er í bréfasambandi við æskuástina sína, sem býr í Þýskalandi, en er skotinn í stúlkunni í næsta húsi. Myndin er litrík sneiðmynd af lífi og umhverfi aðalpersónunnar og veitir innsýn í ástir og örlög ungs fólks sem tengist og flækist saman á einn eða annan máta. Áhugaverðar persónur, sérstök blanda af gamni og alvöru og heillandi sögumennska hefur leitt til þess að verkinu hefur gjarnan verið líkt við myndir Almodóvars. Þessi leikstjórnarfrumraun hefur sópað að sér verðlaunum í heimalandinu.

*The film's odd title refers to a suit that protagonist Jorge dreams about buying. He has been forced to put all future plans on hold in order to care for his sick father. His brother is in prison and Jorge spends the days with his best buddy, Israel. He corresponds with his childhood sweetheart, who lives in Germany, but is in love with the girl next door. The film is a colourful slice of the life and surroundings of the protagonist and shows the loves and lives of young people who connect and intertwine in one way or another. Interesting characters, a special mix of comedy and drama and delicate storytelling has given rise to a popular comparison with the work of Almodóvar. This directorial debut received many awards in its homeland.*

72 | 73

**Sjónarrönd:**  
**Spánn**

Horizon: Spain

# Dökkblár- næstumsvartur

DarkBlue-  
AlmostBlack

Azuloscuro-  
casinegro

**Daniel Sánchez Arévalo**

(ESP) 2006

105 min, 35mm



**Daniel Sánchez Arévalo** er fæddur árið 1970 í Madrid og er sonur leikkonunnar Carmen Arévalo. Hann hafði vakið athygli fyrir frumlegar stuttmyndir sínar og stóð fyllilega undir væntingum gagnrýnenda með þessari fyrstu mynd sinni í fullri lengd.

**Daniel Sánchez Arévalo** was born in 1970 in Madrid and is the son of actress Carmen Arévalo. He had gained widespread attention for his original short films and stood up to all critical expectations with this debut feature film.



Þjóðverjinn Hans flytur til smáþorps í Majorca til að vinna fyrir þýskan landeiganda. Hann reynir að kynna þorpsbúum, þrátt fyrir að þeir séu ekki beinlínis gestrisnir, og í ljós kemur að fyrri starfsmaðurinn sem Hans er að taka við af hét líka Hans. Enginn virðist geta sagt neitt um hvað varð eiginlega um þann mann. Dótið hans er enn til staðar í húsinu sem nýi Hans fær að búa í og dularfull vofa fyrri íbúans svífur yfir bænum. Smátt og smátt taka mörk ímyndunar og veruleika að hverfa og aðalpersónan lendir í mikilli tilvistarkreppu þar sem hann fer að missa tókin á eigin persónuleika og hverfa inn í hlutverk forverans. Þessi existensíalíska ráðgáta hlaut FIPRESCI verðlaunin á Rotterdam-hátíðinni í ár.

*Hans moves to a small village in Majorca to work for a fellow German landowner. He tries to get acquainted with the villagers and even though they don't prove very talkative, he soon finds out that the worker he is replacing was also named Hans. Nobody seems to be able to say anything about whatever became of that man. His stuff is still in the house that the new Hans gets to live in and the small town is immersed by the spirit of the former inhabitant. Step by step, the boundaries of imagination and reality start to blur and the protagonist is hit with a personality crisis of the worst kind as he begins to lose the grip of his own persona and disappear into the role of his predecessor. This existential mystery got the FIPRESCI award at Rotterdam this year.*

# Ég Me Yo

**Rafa Cortés**

(ESP) 2007

100 min, 35mm



**Cortés** er fæddur í Majorca á Spáni árið 1973 og hefur unnið sem aðstoðarleikstjóri til margra ára, bæði í kvikmyndagerð og auglýsingum. Hann hefur sjálfur leikstýrt stuttmyndum, auglýsingum og tónlistarmyndböndum, en *Ég*, sem hann skrifar ásamt aðalleikaranum Alex Brendemühl, er fyrsta kvikmynd Cortés í fullri lengd.

**Cortés** was born in Majorca, Spain, in 1973 and has worked as assistant director for many years, both in filmmaking and advertising. He has directed shorts, commercials and music videos on his own, but *Me*, which he co-wrote with lead actor Alex Brendemühl, is his first feature film.





# Járnbrautar- stjörnur

## The Railroad Allstars

## Estrellas de la Linea

**Chema Rodríguez**

(ESP) 2006

90 min, BetaSP



**Rodríguez** er fæddur árið 1967 í Sevilla og hóf snemma að ferðast. Hann hefur heimsótt yfir 100 lönd og getið sér gott orð fyrir ferðaskrif í dagblöð, útvarp, bækur, sjónvarpsþætti og heimildamyndir. Hann hefur einnig fengið við handritaskrif og stofnaði sitt eigið ferðamálablað, Cartographica, árið 1996.

**Rodríguez** was born in 1967 in Seville and began travelling at an early age. He has visited over 100 countries and developed a good reputation as a travel writer for newspapers, radio, books, television and documentaries. He has also been involved in script writing and founded his own magazine, Cartographica, in 1996.

Valeria, Vilma og Mercy eru hluti af hópi vændiskvenna sem selja sig fyrir tvo dollara við járnbrautina sem liggur í gegnum Gvatemala-borg. Þær dreymir um virðinguna sem þær verðskulda sem konur, mæður og manneskjur, og óska þess að losna undan ofbeldinu og niðurlægingunni sem þær neyðast til að lifa við daglega. Í von um að vekja athygli á stöðu sinni og vandamálum grípa þær til þess ráðs að stofna saman fótboltalið. Þær æfa sig vikum saman og skrá sig í fótboltamót – en er vísað frá keppni vegna þess að þær eru vændiskonur. Málið vakti mikla umræðu og hneyksli í borginni og með þessari merkilegu heimildamynd nær málstaður kvennanna nú langt út fyrir heimalandið.

*Valeria, Vilma and Mercy are part of a group of prostitutes who turn tricks for two dollars a service by the railroad that runs through Guatemala City. They dream of the respect they deserve as women, mothers and human beings, and their wish is to be rid of the violence and humiliation they are forced to suffer every day. Hoping to draw attention to their position and their problems they decide to create their own football team. They practice for weeks on end and register for a local championship – only to be expelled for being prostitutes. This expulsion generated a stir of debate and controversy around the city and through this important documentary the cause of these women can now travel far outside their homeland.*

74 | 75

**Sjónarrönd:**  
**Spánn**

Horizon: Spain



# Ísland í brennidepli

Embla: Valkyrja hvíta víkingsins

Óbeisluð fegurð

Sigur Rós - Heima

Síðasti veturinn

Sófakynslóðin

Steypa

Vandræðamaðurinn

Íslenskar stuttmyndir

Sem alþjóðlegur kvikmyndaviðburður á Íslandi er mikilvægt að kvikmyndahátíðin leggi metnað sinn í að byggja brýr og tengja kvikmyndaumhverfið hérlandis við hræringar úti í heimi. Þannig bjóðum við til umræðu um hvað einkenni íslenska kvikmyndagerð og hvetjum til samræðu íslenskra hugmynda við annars konar hugmyndir á sviði kvikmynda – enda er kvikmyndahátíðin sannarlega alþjóðleg og fjölbreytt sem sjá má á dagskránni. Rödd íslenskrar kvikmyndagerðar er sterk og í þessu yfirliti yfir nýja og nýlega framleiðslu vonumst við til að sýna fram á það með óyggjandi hætti.

---

# Icelandic Panorama

- Embla: The Valkyrie of the White Viking (ICE)
- Unchained Beauty (ICE)
- Sigur Rós - Home (ICE)
- The Last Winter (US/ICE)
- The Sofa Generation (ICE)
- Steypa (ICE)
- The Bothersome Man (NOR/ICE)
- Icelandic Shorts

---

*Being an international film event set in Iceland, it is important for the Reykjavik International Film Festival to build bridges and connect the local scene to the international one. By doing so, we offer reflection on what makes an Icelandic cinema, and help our nation engage in fruitful dialogue with other titles and ideas in a truly international programme. Iceland's cinematic voice is a strong one and in our panorama of recent Icelandic productions we hope to make this clear to the world.*



Embla er örlagasaga ungrar konu á tímum heiftarlegra átaka milli ásatrúar og kristni. Noregur logar í innanlandsófriði. Hinn landflóttá herkonungur Ólafur Tryggvason hefur snúið aftur undir merki Hvíta krists og notar krossinn til að beygja smákonunga undir einn konung á himni og einn konung á jörðu. Ólafur ætlar að leggja undir sig öll þau lönd er víkingar hafa numið í vesturvegi. Frásögnin hverfist um örlög Emblu og baráttu hennar við Ólaf Tryggvason sem hefur kúgað unnusta hennar Ask til að boða erindi Hvíta krists á Íslandi. Marie Bonnevie leikur Emblu en þetta var fyrsta kvikmyndahlutverk hennar. Embla er endurklippið útgáfa Hvíta víkingsins (1991) og markar þriðja og síðasta þáttinn í þrileiknum um Hrafninn.

*Embla is the tale of a young woman during bloody battles between heathens and Christians. Norway is at civil war. Ólafur Tryggvason, the King of Norway, has returned under the name of White Christ and uses the cross to force landlords under his reign and God's reign at the same time. Ólafur plans to conquer the lands of Vikings in the west. The film's plot is centred on Embla's destiny and her struggle with Ólafur who has forced her love Askur to lobby for White Christ in Iceland. Embla is played by Swedish actress Marie Bonnevie and this was her first role. Embla is a new cut of The White Viking (1991) and is the third instalment in the trilogy The Raven.*

# Embla: Valkyrja hvíta víkingsins

## Embla: The Valkyrie of the White Viking

**Hrafn Gunnlaugsson**


(ICE/DK/SWE/NOR) 2007

87 min DV



**Hrafn Gunnlaugsson** er fæddur 17. júní 1948 í Reykjavík. Hann útskrifaðist frá Dramatiska Institutet í Stokkhólmi árið 1974 og hefur leikstýrt níu kvikmyndum í fullri lengd.

**Hrafn Gunnlaugsson** was born on June 17th 1948 in Reykjavik. He graduated from Dramatiska Institutet in Stockholm in 1974 and has directed nine feature films.





# Óbeisluð fegurð

---

## Unchained Beauty

Hrafnhildur Gunnarsdóttir & Tina Naccache

(ICE), 2007.

56 min, Digibeta



**Hrafnhildur Gunnarsdóttir** er fædd árið 1964. Hún lauk BFA gráðu í kvikmyndagerð frá San Francisco Art Institute árið 1989 og hefur gert fjölda heimildarmynda hérlendis. **Tina Naccache** er fædd árið 1947 í Beirút í Líbanon. Hún lærði lýðfræði í París, varð háskólakennari og starfaði við borgarskipulag í Beirút. Hún leikstýrði fyrstu mynd sinni árið 2002.

Óbeisluð fegurð gerist í stórbrotnu og eyðilegu landslaginu á Vestfjörðum. Kvikmyndin gerir grein fyrir óvenjulegri fegurðarsamkeppni sem fór fram í samkomuhúsi í Hnífsdal og vakti nokkra athygli. Reglurnar voru einfaldar: Keppendur þurftu að vera minnst 20 ára gamlir, máttu ekki hafa farið í lýtaaðgerð, þeir þurftu ekki að léttast né bæta á sig til að taka þátt; eina skilyrðið var að vera venjulegur. Þessi líflegi og andófskenndi viðburður vakti alvarlegar spurningar um fegurðarstaðla sem eiga erindi við menningarheima víðsvegar um jarðkringluna.

*Unchained Beauty is set in the magnificent and desolate landscape of the Westfjords of Iceland. The film follows an unusual beauty pageant happening in the town hall of tiny Hnífsdalur. As the organizers put it, the rules are simple: contestants should be at least 20 years old, may not have had plastic surgery, they don't have to lose or gain weight to take part, just be ordinary. This lively and rebellious local event raises serious questions about standards of beauty which are easily understood by various cultures around the globe.*

78 | 79

Ísland í  
brennidepli

Icelandic  
Panorama

**Hrafnhildur Gunnarsdóttir** was born in 1964. She graduated with a BFA degree in filmmaking from San Francisco Art Institute in 1989 and has made a number of documentaries in Iceland in the last decade.

**Tina Naccache** was born in 1947 in Beirut, Lebanon. She studied demography in Paris, became a university lecturer and worked as an urban planner in Beirut. She directed her first film in 2002.





Mánudaginn 24. júlí 2006 hóf hljómsveitin Sigur Rós óvænta tveggja vikna tónleikaferð um Ísland í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Ferðin markaði lok 13 mánaða tónleikaferðalags Sigur Rósar um heiminn í kjölfar útgáfu fjórðu plötu þeirra Takk. Ákveðið var að kvikmynda alla tónleika ferðarinnar, ferðalagið sjálft, alþýðu Íslands og náttúru til heimildarmyndarútgáfu. Úr varð myndin Sigur Rós – Heima sem verður heimsfrumsýnd við opnun Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar. Myndin er blanda af tónleikamynd, náttúrulífsm myndum og viðtölum við meðlimi hljómsveitarinnar. Tónlist Sigur Rósar á óneitanlega mjög vel við glæfralegt landslag Íslands og í myndinni er erfitt að ráða hvort kom á undan; tónlistin eða landslagið.

*On Monday July 24th 2006, Sigur Rós began an unexpected two week tour around Iceland in the remote town of Ólafsvík. The tour marked the end of a 13 month world tour in support of their fourth album Takk. Once details of the tour were available it was decided to film all the tour's concerts, the journey itself, the Icelandic people and Iceland's nature in order to make a documentary. The footage has now become Sigur Rós – Heima, a documentary which will have its world premiere on the opening night of RIFF 2007. Heima is a mixture of concerts, nature and interviews with the band members. Sigur Rós's music undeniably fits the Icelandic landscape well and when presented in this way it's hard to tell which came first: the mountains or the music.*

# Sigur Rós - Heima

---

(ICE) 2007

94 min, HD

---







Á köldustu svæðum Norður-Alaska glímir vinnulið olúfyrirtækis við að setja upp borunarstöð sem mun breyta ósnertu landsvæðinu til frambúðar. Eftir að einn úr hópnum finnst dauður tekur dularfullur ótti að gera vart við sig í búðunum. Sögustef hægrar og óskilgreinanlegar breytingar í veruleika og umhverfi persónanna er óneitanlega nátengt ótta samtímans við gróðurhúsaáhrifin og rísandi hitastig Jarðarinnar. Smátt og smátt verður plánetan ókennileg og ófyrirsjáanleg. Heimili okkar er að umbreytast og tregablandnar og ógnvekjandi tilfinningar eflast stöðugt. Þessar raunverulegu hættur taka á sig undarleg form í Síðasta vetrinum eftir því sem skynvillur ná hægt og rólega yfirráðum yfir einangruðum hugum persónanna í þessari öflugum og taugatrekkjandi hryllingsmynd.

*In the Arctic region of Northern Alaska, an oil company's advance team struggles to establish a drilling base that will forever alter the pristine land. After one team member is found dead, a mysterious fear sets in at the camp. The theme of a slow, imperceptible change in the reality of the characters' surroundings is one that is inextricably linked with contemporary dread of global warming. Step by step, the planet is becoming a little less familiar, a little less predictable. Our home is transforming and feelings of melancholy and menace grow ever stronger. These very real dangers start taking strange shapes in *The Last Winter* as disorientation slowly claims the sanity of the isolated characters in this powerful and unnerving horror film.*

# Síðasti veturinn

---

## The Last Winter

---

**Larry Fessenden**

(US/ICE) 2006

101 min, 35mm



**Fessenden** er fæddur í New York árið 1963 og er talinn einn áhugaverðasti leikstjóri hryllingsgeirans nú á dögum. Hann hefur hlotið mikið hrós fyrir einkar frumleg verk á borð við *Habit* (1997) og *Wendigo* (2001). *The Last Winter* er að hluta til íslensk framleiðsla.

**Fessenden**, born in New York in 1963, is regarded as one of the most interesting directors working in the horror field and has received critical acclaim for highly original films such as *Habit* (1997) and *Wendigo* (2001). *The Last Winter* is partly an Icelandic production.

80 | 81

**Ísland í  
brennidepli**

Icelandic  
Panorama





# Steypa

**Markús Þór Andrússon & Ragnheiður Gestsdóttir**

(ICE) 2007

67 min, DigiBeta

**Markús** og **Ragnheiður** hafa starfað saman undir merkjum LoFi Productions síðan 2003 og unnið að heimildarmyndum, sjónvarpsþáttagerð og verið í samstarfi með myndlistarfólki. Ragnheiður er sjónrænn mannfræðingur frá Goldsmiths háskóla í Lundúnum og Markús sýningarstjóri frá Center for Curatorial Studies við Bard háskóla í Bandaríkjunum.

**Markús** and **Ragnheiður** have worked together under the label of LoFi Productions since 2003, creating documentaries, television shows and collaborating with visual artists. Ragnheiður is a visual anthropologist from Goldsmiths University in London and Markús is a curator from the Center for Curatorial Studies at Bard College.

Í myndinni er fylgst með sjö listamönnum um tveggja ára skeið. Þau eru að koma undir sig fótunum heima og erlendis og tengjast hvert öðru á ýmsan hátt. Steypa gefur innsýn í vinnuferli og viðhorf þessarar kynslóðar, sýnir hvernig hugmyndir fæðast og eru útfærðar í listaverk. Ási hellir Pepsi í Fantaflooskur, Gabríela hendir í deig og smellir á andlitið á sér, Margrét heillast af hulsum og pakkningum í Mosfellsbæ, Huginn klippir af sér hárið og lætur búa til hárkollu, Unnar stelur afleggjurum á elliheimili, Gjörningaklúbburinn endurskapar stjörnuhiminn Van Goghs úr lakkrísafgöngum, Katrín smíðar lítið hús til þess eins að henda því fram af stærra húsi. Þetta er vel heppnuð sneiðmynd af grósku íslenskrar samtímalistar.

*This new documentary follows seven artists over a two-year period. They are finding their place both at home and abroad and interconnecting with each other in various ways. Steypa gives insight into the work process and attitude of this generation, showing how ideas are born and subsequently formed into art. Ási pours Pepsi into Fanta bottles, Gabríela kneads dough and smears it on her face, Margrét is enchanted by gaskets in a rubber store, Huginn has his hair cut off and turned into a wig, Unnar rummages for plant cuttings in a home for the elderly, The Icelandic Love Corporation recreates Van Gogh's Starry Night in liquorice and Katrín builds a small model of a house only to throw it off a bigger one. This is an enlightening insight into the wealth of Icelandic contemporary art.*



# Sófakynslóðin

## The Sofa Generation

**Áslaug Einarsdóttir & Garðar Stefánsson**

(ICE) 2006

35 min, DigiBeta

**Áslaug** er fædd 1985 og er að leggja lokahönd á BA nám í mannfræði við Háskóla Íslands. Sófakynslóðin er fyrsta mynd hennar en hún stefnir á að halda áfram kvikmyndagerð.

**Garðar** er fæddur 1984 og stundar nám í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann vinnur nú ásamt sambýliskonu sinni að heimildamynd um Kvennaathvarfið.

**Áslaug** was born in 1985 and is finishing her BA degree in anthropology at the University of Iceland. The Sofa Generation is her directorial debut but she aims to continue making films.

**Garðar** was born in 1984 and is studying economics at the University of Iceland. He is working with his partner on a documentary project about the Icelandic Women's Shelter.

Við erum sófakynslóðin – þau sem segjast vera á móti hlutum en gera aldrei neitt í því – samkvæmt einum viðmælanda í þessari heimildamynd um aðgerðastarf á Íslandi. Hugtök á borð við „mótmæli“ og „aktivismi“ eru tekin að nálgast meidyrði í íslensku samfélagi og þeir sem láta uppi skoðanir gegn ráðandi hugsun eru gjarnan litnir hornauga. Sófakynslóðin fjallar um aðgerðastarf í víðu samhengi með viðtölum við meðlimi ýmissa aðgerðasamtaka og varpar fram grundvallarspurningum um hlutverk aktivisma í lýðræðislegu samfélagi. Ólík málefni koma hér við sögu, en áhorfendur fá að gera upp við sig sjálfir hvaða raddir höfða best til þeirra og hvaða nálgun sé best til þess fallin að ná árangri. Myndin var valin besta mynd Skjaldborgarhátíðarinnar á Patreksfirði í ár.

*We are the Sofa Generation – the ones who talk about changing things but never really do anything – according to one of the interviewees in this documentary about activism in Iceland. Concepts such as “protest” and “activism” are close to becoming profanities in our society and those who voice their opinions against the ruling views are commonly shunned. The Sofa Generation examines these ideas in a wider context through interviews and by posing basic questions concerning activism and its role in a democratic society. The film touches upon various issues, but the audience is left to make up their own minds regarding what voices and methods appeal to them. The film got the audience award at the Skjaldborg documentary film festival in Patreksfjordur this year.*



# Vandræða- maðurinn

## The Bothersome Man

## Den Brysomme Mannen

**Jens Lien**

(NOR/ICE) 2006

95 min, 35mm



**Jens Lien** útskrifaðist úr London International Film School árið 1993 og hóf að gera heimildamyndir, auglýsingar og stuttmyndir. Tvær stuttmyndanna hafa keppt um Gullpálmann í formlegum keppnisflokkum Cannes (2000 og 2001). Vandræðamaðurinn er önnur mynd Lien í fullri lengd og er að hluta til íslensk framleiðsla. Myndin vann gagnrýnendaverðlaun á Cannes 2006.

**Jens Lien** graduated from the London International Film School in 1993 and started out making documentaries, commercials and short films. Two of his shorts were selected to compete for the Palm d'Or at the Cannes official competition (2000 and 2001). The Bothersome Man is his second feature film and is partly an Icelandic production. The film won the Critic's Award at Cannes 2006.

Andreas er eini farþeginn í rútusem skilur hann eftir á eyðilandi þar sem hress eldri maður keyrir hann að áfangastaðnum. Þegar Andreas mætir til ónefndrar stórborgar er honum úthlutað vinnu og íbúð og velgengnin blómstrar. En eitthvað er ekki í lagi. Tilgerðarbros, vinnuþrælkun og grámygla ræður hér ríkjum og það er engin leið út. Andreas getur ekki hugsað sér að aðlagast umhverfinu og reynir allt til að brjótast í gegnum eintóna yfirborðið. Hann er leiðindagaur í ríki borgaralegra uppvakninga. Kvikmyndin dregur upp ýkta og ógnvekjandi mynd af samfélagi þar sem mannlegt eðli hefur vikið endanlega fyrir tómarúmi neyslumenningar. Þessi absúrd og glettna „hryllingsmynd“ er áhugaverð viðbót við efnisskrá staðleysukvikmynda.

*Andreas is the sole passenger of a bus that leaves him in the middle of a wasteland where a jolly old man drives him to his destination. Upon arrival in an unnamed city he is given a job and an apartment and success is blooming. But something is very wrong. Fake smiles, workaholicism and grey nothingness reign supreme and there is no way out. Andreas refuses to adapt and tries everything to break through this monotonous surface. A bothersome man in a city of the living dead. The film portrays an exaggerated and disturbing image of a society where human nature has given way to the emptiness of consumerism. This absurd and witty "horror film" is a welcome addition to the oeuvre of utopian cinema.*

82 | 83

**Ísland í  
brennidepli**

Icelandic  
Panorama



## Bræðrabylta

### Wrestling

Grímur Hákonarson

(ICE), 2007.

22 min, 35mm



Ástarsaga um tvo samkynhneigða bændur í afskekkttri sveit. Þeir verða að leyna ástarsambandi sínu en hittast reglulega á glímuæfingum.

*A love story about two homosexual wrestlers living in rural Iceland. They have to keep their relationship secret, and meet while practising wrestling, Iceland's national sport.*



**Grímur Hákonarson** útskrifaðist frá FAMU – Kvikmyndaakademíunni í Prag árið 2004. Útskriftarmyndin hans, *Slavek the Shit*, var valin á Cannes árið 2005 og vann til verðlauna víða um heim. Fjöldmörg verka hans eru landsmönnum vel kunn, en *Bræðrabylta* er nýjasta stuttmyndin og hefur meðal annars unnið til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Melbourne.

**Grímur Hákonarson** graduated from FAMU – Film Academy in Prague 2004. His graduate film, *Slavek the Shit*, was selected for the Cannes Film Festival 2005 and won prizes in festivals around the world. Many of his shorts and documentaries are well known in Iceland and *Wrestling*, his latest short film, was a winner at the Melbourne International Film Festival.

## Skröltormar

### Rattlesnakes

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson

(ICE), 2007.

23 min, Beta SP



Hér er sagt frá miðaldra manni sem vinnur á bílasölu. Einn daginn fær hann þá flugu í höfuðið að kaupa sér kúrekastígvél og sú hugdetta á eftir að draga dilk á eftir sér.

*The tale of a middle-aged car salesman who suddenly decides to buy himself a pair of cowboy boots, not foreseeing the consequences.*



**Hafsteinn** er fæddur árið 1978 í Reykjavík. Hann er að ljúka M.F.A. gráðu í kvikmyndagerð við Columbia Háskóla í New York. Hann hefur gert stuttmyndir og heimildamyndir í nokkur ár og unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín. Hann býr og starfar í New York og Reykjavík.

**Hafsteinn** was born in 1978 in Reykjavík. He is currently finishing an M.F.A. degree in filmmaking from Columbia University in New York. He's been making shorts and documentaries for several years and won numerous awards for his work. He lives and works in New York and Reykjavík.

## Pokufjöll

### Misty Mountain

Óskar Þór Axelsson

(ICE), 2007.

31 min, DigiBeta



Liðþjálfinn Willard var á NATO-radarstöð í kalda stríðinu og tók þátt í tímaflakki til ársins 2006. Þar varð hann vitni að atburðum sem hann reynir að koma í veg fyrir þegar árið 2006 nálgast svo í raun og veru.

*While based at a remote NATO base in Iceland in the late 1960s, Sgt. Willard made several inexplicable visits to the year 2006. Now, as 2006 becomes the present, he returns as an old man to try to rectify the "past".*



**Óskar Þór** útskrifaðist með M.F.A. gráðu frá Film Graduate Department New York háskóla árið 2006. Hann er einn stofnenda fyrirtækisins Þeir Tveir (sem nú heitir Kapital) og hefur leikstýrt sjónvarpsauglýsingum í tugatali á vegum þess. Hann skrifaði og leikstýrði 7 stuttmyndum á meðan á náminu stóð í NYU, en *Pokufjöll* er ein þeirra. Óskar býr í Brooklyn og leggur á ráðin um fyrstu mynd sína í fullri lengd.

**Óskar Þór** graduated with an M.F.A. degree from the Film Graduate Department of NYU in 2006. He is co-founder of Those Two Films in Iceland (now called Kapital) for which he has directed dozens of TV commercials. He wrote and directed 7 short films while attending NYU and *Misty Mountain* is one of those. Óskar lives in Brooklyn and is planning his first feature film.

## Takk fyrir hjálpið

### Thanks for helps

Benedikt Erlingsson

(ICE), 2007.

13 min, DigiBeta



Gunna verður fyrir því óláni að verða bensínlaus á vegum úti. Skammt undan sér hún bíl og leitar aðstoðar. Hún veit ekki að bílstjórinn Jón var að undirbúa sjálfsmorð og að kynnin muni reynast örlagarík.

*Gunna is driving on a lonely mountain road and runs out of petrol. Luckily she sees a car parked by the roadside a little further on. She doesn't notice that Jón, the driver, is planning to commit suicide, and she asks him for help. Their acquaintance leads to a new turn of fate.*



**Benedikt Erlingsson** útskrifaðist sem leikari árið 1994 og ætti að vera öllum Íslendingum vel kunnur, en hann hefur verið mjög áberandi og hlotið fjölda verðlauna fyrir fjölbreytt starf á leiksviði (bæði sem leikari, leikstjóri og leikhöfundur), í sjónvarpi og í kvikmyndum. *Takk fyrir hjálpið*, sem hann bæði skrifar og leikstýrir, er fyrsta stuttmynd hans.

**Benedikt Erlingsson** graduated as an actor from Icelandic Institute of Acting and Drama in 1994. He has received numerous awards and acknowledgements for achievements as theatre director and composer and as actor on stage, film & TV. *Thanks for helps* is his first film, written and directed by himself.

## Border Work

Tom Wright

(UK), 2007.

10 min, DigiBeta



**Wright** byrjaði að gera myndir á unglingsárum sem hluti af Children's Film Unit í London. Hann hóf atvinnuferil sinn títugur sem kvikmyndatökumaður á myndinni Dead Bolt Dead (1999) og hefur eytt síðastliðnum árum í að skrifa leikrit, leikstýra stuttmyndum og taka kvikmyndir. Border Work er fimmta stuttmynd Wright og er styrkt af Film London og UK Film Council.

Ingvar E. Sigurðsson leikur Pólverja sem hleygur í skarðið fyrir frænda sinn sem garðyrkjumaður. Persóna Ingvars veldur starfinu varla og endar á því að stinga sér til sunds í óþökk garðeigandans.

*Young Londoner Rob isn't used to being the boss, especially of a Polish stranger twice his own age. Finding virtually nothing in common throughout their working day, patience between the men seems to be running out.*

**Wright** started making films as a teenager as part of the Children's Film Unit in London. He began his professional career aged 20 as Director of Photography with Dead Bolt Dead (1999) and has spent the following years writing plays, making shorts and shooting films. Border Work is his fifth short film and is supported by Film London and the UK Film Council.


## Herra Hyde

### Monsieur Hyde

Vera Sölvadóttir

(ICE), 2007.

13 min, DigiBeta



**Vera** er fædd árið 1981. Hún lærði leikstjórn og kvikmyndafræði við Sorbonne í París og útskrifaðist þaðan með MA í hvoru fagi fyrir sig í nóvember síðastliðnum. Monsieur Hyde er fyrsta leikna stuttmynd hennar. Hún leggur nú lokahönd á popplötu ásamt Magnúsi Jónssyni, leikara, sem er væntanleg fyrir jólin.

Áform aðalpersónunnar Erics um að eyða rómantískri kvöldstund með ástinni sinni verða að engu þegar hann fær óvænta heimsókn og þarf að mæta örlögum sínum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

*Eric plans to stay in and have a romantic evening with his love, but his plans are ruined when he gets a surprise visit forcing him to meet his destiny. An enchanting black comedy.*

**Vera** was born in 1981. She studied directing and film theory at the Sorbonne in Paris and graduated with an M.A. degree in both fields separately last November. Monsieur Hyde is her first live action short film. She is currently finishing a pop album, expected out before Christmas, along with actor Magnús Jónsson.

## Anna

Helena Stefánsdóttir

(ICE), 2006.

13 min, 35mm



**Helena Stefánsdóttir** er fædd 1967. Hún hóf starfsferil sinn sem dansari og lauk námi í leiklist við leiklistarskóla Jacques Lecoq í París árið 1997. Hún starfaði fyrst um sinn við leikhús en hóf störf við kvikmyndir árið 1999. Anna er fjórða stuttmynd hennar. Helena vinnur nú að gerð heimildamyndarinnar Ísland, rísandi stjarna.

Anna ætlar að bjóða nágrannanum Adam í kaffi en uppgötvar sér til mikillar skelfingar að hún á engan sykur. Tilhlökkunin breytist í skelfingu þegar hún gerir sér grein fyrir því að hún verður að fara út í búð.

*Anna is expecting a neighbour, Adam, over for coffee but suddenly realises she has no sugar. Her excitement quickly turns to concern when she is forced to visit the grocery store.*

## Hundur

### Dog

Hermann Karlsson

(ICE) 2007

80 sek, BetaSP



**Hermann** er fæddur 31. desember 1974 á Akureyri. Hann útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2002. Hann útskrifaðist frá ECA í desember 2006 og hefur síðan unnið sem sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmaður í Edinborg.

Hundur er melankólísk og gráglettin saga um dauða hunds og viðbrögð fólks við honum. Þetta er tvívíð teiknimynd þar sem stuðst er við blandaða tækni. Myndin var hluti af útskriftarverkefni leikstjórans í Mastersnáminu í hreyfimyndagerð við Edinburg College of Art.

*Dog is a melancholic, yet humorous story about a dog's death and people's reactions to it. It is a 2D animated short made with mixed media. The short was part of the director's graduating project for the Edinburg College of Art.*

**Hermann Karlsson** was born on the 31st of December 1974, in Akureyri, Iceland. He graduated from the department of fine arts at the Icelandic Academy of Arts in 2002. He graduated from ECA in December 2006 and currently lives in Edinburgh, working as a freelance artist and an animator.

---

# Í kastljósinu

## Spotlight on

# David Ondricek



---

David Ondricek er fæddur 23. júní 1969 í Prag í Tékklandi. Hann hefur verið nátengdur kvikmyndaheiminum frá blautu barnsbeini, enda sonur hins margverðlaunaða kvikmyndatökumanns Miroslav Ondricek sem er þekktur fyrir samstarf sitt við Milos Forman. David Ondricek hefur vakið mikla athygli síðastliðin ár enda fersk og hæfileikarík viðbót við tékkneskan kvikmyndaheim. Hann lærði heimildamyndagerð í kvikmynda- og sjónvarpsdeild FAMU (Academy of Performing Arts) í Prag. Eftir að hafa leikstýrt nokkrum heimildamyndum gerði hann sína fyrstu kvikmynd, Hvísl (1996), sem vann til verðlauna og var næstvinsælasta mynd Tékklands þetta árið.

Síðan hefur Ondricek leikstýrt þeim þremur kvikmyndum sem nú eru teknar til sýningar í Reykjavík, en allar hafa þær hlotið gríðarmikla aðsókn í heimalandinu. Hann sérhæfir sig í frumlegum gamanmyndum og kvikmyndirnar sem standa til boða á hátíðinni í ár eiga það sameiginlegt að hafa heillað og skemmt áhorfendum hvarvetna sem þær hafa verið sýndar. Það er ekki auðvelt að gera grínmyndir sem hljóta bæði vinsældir almennings og viðurkenningu gagnrýnenda en verk Ondricek þræða gullið einstigið á milli listahátíða og skemmtiefnis með vel heppnaðri blöndu af húmor og groddalegri samfélagsádeilu.

---

*David Ondricek was born June 23rd 1969 in Prague in the Czech Republic. He has been closely linked to the world of film since childhood, as the son of award-winning cinematographer Miroslav Ondricek, best known for his collaboration with Milos Forman. David Ondricek has gained much recognition in recent years as a fresh and talented addition to Czech cinema. He studied documentary filmmaking at the Film and Television Faculty at the Academy of Performing Arts in Prague. After directing a few documentaries he made his first fictional feature, Whisper (1996), which won several awards and became the second most popular film in the Czech Republic that year.*

*Since then Ondricek has directed the three films that are being screened in Reykjavik this year, which have all been box-office hits in his homeland. Highly original comedies are his specialty and the films presented at this year's festival have in common to have entertained and amused film goers wherever they have been screened. It is certainly no easy task to create comedies that enjoy both audience popularity and critical acclaim, but Ondricek's work earns both these triumphs through its successful blend of humour and astute social comment.*



# Einfarar

## Loners

### Samotáři

**David Ondricek**

(SLO/CZ) 2000

103 min, 35mm

Með þessari nútímalegu, sjálfstæðu og svölu grínmynd náði Ondricek að fanga athygli kvikmyndaheimsins. Hér segir frá ungu fólki í Tékklandi í gegnum margar litlar sögur sem tengjast gjarnan innbyrðis. Þetta er mynd um sambönd, vináttu, tilviljanir, árátur, ástir og örlög. Aðalpersónurnar eru að fóta sig í lífinu, átta sig á fortíðinni og undirbúa sig fyrir framtíðina. Það færðu of mörg orð í að lýsa öllum þeim litríku persónum og áhugaverðu atvikum sem gæða myndina lífi. Innst inni er þetta einlæg og vel gerð mynd um mannlega tilvist en umfram allt er þetta léttgeggjað og hlægilegt verk, vandlega skreytt gullmolum sem hafa tryggt henni fastan sess í heimi költ-mynda.

*With this modern, independent and cool comedy, Ondricek was able to capture the attention of the film world. The film tells of young people in the Czech Republic through many short stories that interconnect and entwine as the film progresses. It is a story of relationships, friendship, coincidences, obsessions, love and fate. The characters are finding their place in life, figuring out the past and preparing for the future. It would take too much space here to describe all the colourful characters and interesting situations that bring the story to life. In essence, this is a sincere and well-made film about human relationships, but first and foremost it is a lightly crazy and hilarious work, which has secured its spot in the hall of cult films.*



# Ein hönd getur ekki klappað

## One Hand Can't Clap

### Jedna ruka netleská

**David Ondricek**

(CZ) 2003

103 min, 35mm

Ein hönd getur ekki klappað fylgdi í kjölfar hinnar gríðarvinsælu Einfara en þrátt fyrir að vera báðar gamanmyndir eru þær afar ólíkar. Standa er einfaldur smákrímmi sem er handtekinn fyrir glæp sem hann framdi ekki. Hann reynir að nálgast peninga sem hann á inni hjá fyrrum glæpaforingja sínum og allt virðist stefna í rétta átt þar til hann kynnist Ondrej. Þrátt fyrir að Standa stígi ekki beinlínis í vitið þá er hann engan veginn jafnslæmur og Ondrej sem gerir ekkert rétt og tryggir því að áhorfendum muni aldrei leiðast. Óheppnin vex og vex og nú getur ekkert endað vel. Húmorinn er meinfyndinn á köflum þar sem fylgst er með þróun mála eftir að glæpaforinginn ákveður að þagga niður í Standa með því að láta drepa hann.

*One Hand Can't Clap was the follow-up to the acclaimed Loners, but even though both are comedies they are certainly very different films. Standa is a simple criminal who is arrested for a crime he didn't commit. He tries to obtain some money that his old crime boss owes him and everything seems to be looking up until he meets Ondrej. Even though Standa isn't very bright, he is in no way as bad as Ondrej, who can't do anything right and thus ensures that the audience will never be bored. Their combined bad luck gets even worse until nothing can end well. The humour becomes pretty morbid in parts as the story unfolds and the crime boss decides to silence Standa by having him killed.*



# Grandhotel

**David Ondricek**

(CZ) 2006

97 min, 35mm

Þessi nýjasta mynd Ondricek fylgir hefðinni og blandar saman yfiringilegum húmor, sterkri persónusköpun, raunsæislegum efniviði og einkennandi höfundarstíl. Sögusviðið er gamalt hótél lengst uppi í fjöllum þar sem Vlasta Fleischman vinnur sem vörður. Hann er áhugamaður um veðurfræði og dreymir um að geta flogið burt úr hótelinu og þannig flúið eigin tilvist. Hann fylgist sífellt með veðrinu og er að sauma sér loftbelg í von um að láta draum sinn rætast. Myndin fjallar um ólíkar persónur sem búa á eða vinna í hótelinu og tengjast á einn eða annan hátt í gegnum aðalpersónuna. Grandhotel er mynd sem nauðsynlegt er að sjá á stóru tjaldi en hótelið sjálft, umhverfi þess og síðast en ekki síst stórkostleg skot af veðrinu eru með sterkustu þáttum verksins.

*This latest of Ondricek's films keeps up the tradition of mixing together excessive humour, strong characters, realistic material and a unique style. The setting is an old hotel high in the mountains where Vlasta Fleischman works as a guard. He is an amateur meteorologist and fantasizes about flying away from the hotel and thus escaping from his own life. Obsessed with the weather, he is constructing his own hot-air balloon in order to follow his dreams. The film revolves around different characters living in or working at the hotel, connected in one way or another to the protagonist. Grandhotel is a film that must be seen on a large screen, as the hotel itself, the surroundings and, last but not least, the magnificent shots of the weather are among the film's strongest elements.*

KVIKMYNDAKLÚBBURINN  
**FJALA**  
KÖTTURINN

2008

[WWW.FJALAKOTTURINN.IS](http://WWW.FJALAKOTTURINN.IS)



Sagafilm provides complete production services for projects at every level. Our producers and crew are committed professionals. We provide location scouting, budgeting, permits, equipment rental, talent casting, studios and other essential details such as insurance and tax concessions.

# YOUR PRODUCTION SERVICE PARTNER IN ICELAND



WE HAVE  
THE KNOW HOW

## clientlist

WARNER BROS. "BATMAN BEGINS" | AOI | RSA  
 ARDEN SUTHERLAND-DODD | RADICAL IMAGES  
 THOMAS/THOMAS | BRAVE FILM CO. | BIKINI  
 FILMS | BBC | CNN | CBS CINETEAM | CHASED  
 BY COWBOYS | DISCOVERY | EON PRODUCTIONS  
 JAMES BOND "DIE ANOTHER DAY" | GUADIANA  
 CONCRETE | MTV | NATIONAL GEOGRAPHIC | NBC  
 BDA | BLINK | C3 EASY FILM | PRODUKTIONHAUS  
 STARK FILMS | MARKENFILM | CONDOR FILMS  
 VELVET MEDIEN DESIGN | ANOTHER FILM CO.  
 GODMAN | UNITED ARTISTS "VIEW TO A KILL"  
 KIWI FILMS | STINK | NEUE SENTIMENTAL  
 NYDRLE | PETER KER ACCOSIATES | GLASS AG  
 THE END | HOLY COW | GORGEOUS | LOCOMOTION  
 QUAD | LE SPOT/MCCANN-ERICSSON | MOLAND  
 FILMMASTER | FLYING COLOURS | FLYING TIGER  
 ALL MEDIA | RADIOAKTIVE | PAUL WEILAND  
 CHIMERA FILMS | PREMIERE HEURE | STILLKING  
 SOFTPILLOW | PARAMOUNT PICTURES "TOMB RAIDER"  
 QUASAR | SHOOTING GALLERY | PROPAGANDA  
 HSI PRODUCTIONS | ALBA PRODUCTIONS  
 PINK FILM CO. | SPECTRE | TELEMA | WINDOW



sagafilm

Tel. +354 515 4600 | Fax. +354 515 4601  
 Laugarvegur 176 | 105 Reykjavik | Iceland  
 www.sagafilm.is | sagafilm@sagafilm.is

# Aki Kaurismäki

## Handhafi verðlauna Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík fyrir framúrskarandi listræna kvikmyndasýn árið 2007

The recipient of the Creative Excellency Award at the 2007 Reykjavík International Film Festival

Allir sem hafa séð mynd eftir Kaurismäki og kynnst einstökum stíl leikstjórans gleyma honum ekki svo glatt. Hann er þekktur fyrir lítillátan og gjarnan kolsvartan húmor. Myndir hans eru raunsæjar, meinfyndnar og hreinskilnar, en jafnvel í kuldalegustu verkunum skín vonarglætan ávallt í gegnum kaldhæðnislegt yfirborðið. Í viðtölum er leikstjórinn þekktur fyrir að gera lítið úr sjálfum sér, segja myndir sínar ömurlegar og tala svo illa um meginstrauminn að jafnvel heiladauðustu Hollywood uppvakningarnir myndu hika augnablik áður en þeir snúa sér að næstu auðmeltu máltíð.

Kaurismäki er fæddur 4. apríl árið 1957 í Orimattila í Finnlandi. Hann hóf leikstjórnarferilinn snemma á níunda áratugnum, en vakti fyrst raunverulega athygli fyrir vegamyndina Leningrad Cowboys Til Ameríku (1989). Þar er fylgt eftir súrrealísku ferðalagi rússneskrar hljómsveitar um Bandaríkin, en samkvæmt leikstjóranum sjálfum er hún versta kvikmynd allra tíma (að frátöldum myndum með Sylvester Stallone). Kaurismäki hefur átt vinsældum að fagna meðal kvikmyndaáhugafólks fyrir fjölda mynda sinna, en hinn margverðlaunaði Finnlands-þríleikur (er samanstendur af Ský á reiki (1996), Maður án fortíðar (2002) og Ljós í húminu (2006)) hefur komið honum í hóp heimsþekktra leikstjóra.

Þrátt fyrir frægðina hefur Kaurismäki ekki gefist upp á heilögu stríði sínu gegn hersveitum Hollywood sem hann telur forheimska og sljövga áhorfendur með sífelldri endurvinnslu á sama ruslinu. Þegar Maður án fortíðar var tilnefnd til Óskarsverðlauna notaði hann tækifærið til að tala illa um þessi helgustu verðlaun Vestursins og neitaði að mæta á afhendinguna í mótmælaskyni við stríðsbrólt Bandaríkjastjórnar. Þegar síðan kom að því að senda finnskar myndir til Akadémíunnar til íhugunar fyrir verðlaunin í fyrra gaf hann ekki leyfi fyrir að Ljós í húminu kæmi til greina sem framlag Finnlands það árið.

Þessi uppreisnandi og andóf gegn því að aðlagast væntingum umhverfisins er það sem gerir Kaurismäki og myndir hans svo heillandi. Inn á milli harðorðra yfirlýsinga á markaðshyggju kvikmyndaíðnaðarins er oft erfitt að vita hvenær leikstjórinn er að grínast og hvenær ekki. Sjálfur lét hann eftir sér í viðtali við Guardian fyrir nokkrum árum að Hollywood væri ástæða þess að hann skapar kvikmyndirnar sem hann er að gera. Þannig má líta á verk hans sem nauðsynlegan þátt í að koma á jafnvægi innan kvikmyndaheimsins. "Ég hata Hollywood. Ég myndi aldrei fara þangað né eyða tímanum í að horfa á myndirnar þeirra. Ég játa það alveg að ég er lélegur kvikmyndagerðamaður En ég neita að gera rusl. Ég skal gera lélegar myndir. En ekki rusl."

Það er sannkallaður heiður að verðlauna innblásinn uppreisnarsegg á borð við Aki Kaurismäki og það er einlæg von allra sem standa að baki hátíðarinnar að hetjan missi aldrei andófskraftinn.

*Anyone who has seen a Kaurismäki film and come to know the director's unique style will not easily forget it. He is known for his subtle and often dark humour. His films are realistic, bitterly funny and honest. But even in his gloomier work a ray of hope can always be seen shining through the ironic surface. The director is well known for his degrading descriptions of himself in interviews, where he commonly refers to his films as lousy and speaks so fervently against mainstream cinema that even the most brain-dead Hollywood zombies would hesitate before turning to their next easy-to-swallow meal.*

*Kaurismäki was born on April 4th, 1957, in Orimattila, Finland. He started directing in the early 1980s, but first attracted real attention for the road movie Leningrad Cowboys Go America (1989). The film follows the surreal journey of a Russian band across America and is, according to the director himself, the worst film ever made (unless you count those starring Sylvester Stallone). Kaurismäki has proved popular among film enthusiasts for many of his films, but his much awarded Finland-trilogy (comprising of Drifting Clouds (1996), Man Without a Past (2002) and Lights in the Dusk (2006)) has placed him among the world's most renowned directors.*

*In spite of his fame, Kaurismäki has not given up on his holy war against the legions of Hollywood, which he believes is dumbing down and melting people's brains with its constant recycling of trash. When Man Without a Past was nominated for an Oscar he used the opportunity to badmouth that most precious of awards in the West and did not show up for the ceremony as a protest to US war mongering. When the time came to send out Finnish films for the Academy's consideration for the award last year, he refused to give his permission for Lights in the Dusk to be part of the Finnish contribution.*

*This rebellious spirit and resistance to conforming to the expectations of his surroundings is what makes Kaurismäki and his films so exciting. In between his harsh statements concerning the commercialism of the film industry it is often difficult to realize when the director is poking fun and when he is not. One thing for certain is that, despite his angry words, Kaurismäki is still indebted to the mainstream, because otherwise he would not have anything to rebel against. Hollywood is in fact his main inspiration. In an interview with the Guardian a few years back, he mentioned that Hollywood was the reason he was making his films the way they are. Therefore his work can be seen as a necessary factor in creating the proper cinematic equilibrium. "I hate Hollywood. I would never go there or waste my time watching their films. I am a lousy filmmaker, this I admit. But I refuse to make shit. Bad films I can make. Shit, no."*

*It is truly an honour to award an inspired rebel like Aki Kaurismäki and it is the sincere hope of everyone behind the festival that this heroic filmmaker will never lose the strength to fight.*



# Aki Kaurismäki

Af tilefni komu Aki Kaurismäki til Reykjavíkur sýnum við hinn víðfræga Finnlandsþríleik í heild sinni. Þetta eru myndirnar sem komu finnska meistaranum endanlega á kortið sem einum mikilvægasta kvikmyndahöfundum samtímans. Myndirnar varpa ljósi á skuggahliðar nútímapjöðfélags, hver á sinn hátt, en allar eru þær sameinaðar af sérstakri sýn leikstjórans og stílfærðri en jafnframt hreinskilinni samfélagsádeilu.

To celebrate Aki Kaurismäki's visit to Reykjavík we are screening his much awarded Finland-trilogy in its entirety. These are the films that put the Finnish maestro permanently on the map as one of the most important contemporary film auteurs. The films shed light on the dark sides of modern society, each in their own way, but as a whole they are united by the director's unique vision and a stylized but honest social commentary.



## Ský á reiki

### Drifting Clouds

### Kauas pilvet karkavaat

Aki Kaurismäki

(FIN) 1996

96 min, 35mm

Fyrsta mynd þríleiksins fjallar um atvinnuleysi. Hjónin Ilona og Lauri missa bæði vinnuna á svipuðum tíma. Ólukkan eltir þau og ætlar engan enda að taka. Sjónvarpið þeirra er tekið í burtu. Hún notar spariféð til að redda sér nýrri vinnu, en fær ekki útborgað. Þegar Lauri reynir að heimta féð er hann laminn. En þrátt fyrir grámygluna og erfiðleikana er undirliggjandi húmor í myndinni og augljóst að Kaurismäki þykir vænt um þetta ólánsama fólk, sem stendur í eilífum vandræðum en gefst aldrei upp í baráttu sinni við ofuröfl samfélagsins. Myndin var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes árið 1996.

*The first film of the trilogy focuses on unemployment. Ilona and her husband Lauri both lose their jobs at around the same time. One misfortune follows another. Their television is repossessed. She uses her savings to get a new job, but doesn't get paid. When Lauri tries to collect, he gets beaten up. But in spite of all the greyness and difficulties, the film has an underlying sense of humour and it remains obvious that Kaurismäki has affection for these unlucky people, who never give up their struggle against an overpowering society, despite their constant strife. The film was nominated for the Golden Palm in Cannes in 1996.*



## Maður án fortíðar

### Man Without A Past

### Mies vailla menneisyyttä

Aki Kaurismäki

(FIN/GER/FRA) 2002

97 min, 35mm

Önnur mynd þríleiksins fjallar um heimilisleysi. Áhorfendurkynnastaðalpersónunni þar sem hann kemur með lest til Helsinki og leggst til hvílu á bekk í almenningsgarði. Þar er hann rændur og laminn svo illilega að hann virðist varla eiga sér lífs von. Eftir að hann rankar við sér man hann ekkert um sitt fyrra líf. Hann þarf að byrja allt upp á nýtt, en getur ómögulega orðið sér úti um vinnu eða húsnæði. Hann færist lengra út á jaðar samfélagsins, finnur sér samastað á götunni og fær aðstoð frá Hjálpræðishernum. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna og Gullpálmans og hlaut Grand Prix verðlaunin á Cannes árið 2002.

*The trilogy's second feature deals with homelessness. The audience is presented with the protagonist as he arrives by train in Helsinki and lies down to rest on a public park bench. There he is robbed and beaten so badly that he is left seriously injured. After regaining consciousness he can't remember anything about his previous life. He needs to start all over, but is unable to get a job or lodging. He moves further and further towards the edge of society, finds a place to stay on the streets and gets help from the Salvation Army. The film was nominated for an Academy Award and the Golden Palm and won the Grand Prix award at Cannes in 2002.*

92 | 93

Aki Kaurismäki



## Ljós í húminu

### Lights in the Dusk

### Laitakaupungin valot

Aki Kaurismäki

(FIN/GER/FRA) 2006

78 min, 35mm

Þriðja og síðasta myndin fjallar um einmanaleikann. Koistinen er næturvörður sem leitar að glufu í þessum harða heimi til að skríða í gegnum en samferðamenn hans og þjóðfélagið gera sér að leik að brjóta allar vonir og drauma hans á bak aftur. Glæpaöfl notfæra sér stöðu Koistinen sem næturvarðar til að fremja rán og njóta þar hjálpar harðbrjósta glæfrakvendis sem tælir hina einmana sál. Að ráninu loknu er Koistinen skilinn eftir til að taka afleiðingunum og er sviptur starfi sínu, frelsi og draumum. Myndin var tilnefnd til Gullpálmans og var einnig sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í fyrra.

